



Starfsemi héraðsskjalasafna

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2017

Desember 2018



Starfsemi héraðsskjalasafna

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2017

Ritstjórn: Njörður Sigurðsson

Hönnun og umbrot: Kría hönnunarstofa / Þjóðskjalasafn Íslands

Prentun: Pixel

Útgefandi: Þjóðskjalasafn Íslands

Laugavegi 162

105 Reykjavík

590 3300

upplýsingar@skjalasafn.is

www.skjalasafn.is

© Desember 2018 Þjóðskjalasafn Íslands

Starfsemi héraðsskjalasafna

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2017



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Formáli Þjóðskjalavarðar.....	7
1. Inngangur.....	8
1.1 Um eftirlit Þjóðskjalasafns Íslands með héraðsskjalasöfnum.....	8
1.2 Markmið könnunarinnar.....	8
1.3 Skipulag könnunarinnar.....	9
1.4 Framkvæmd, þátttaka og svörun.....	9
1.5 Niðurstöður hvers héraðsskjalasafns og eftirfylgni.....	9
2. Meginniðurstöður.....	10
2.1 Skjalageymslur tryggja varðveislu safnkosts að langstærstum hluta en þörf er á auknu geymsluplássi... 10	10
2.2 Aðstaða fyrir gesti er víðast góð.....	10
2.3 Miðlun safnkostsins er sinnt hjá öllum héraðsskjalasöfnum.....	10
2.4 Héraðsskjalasöfnin eru of fáliðuð.....	10
2.5 Rafrænni skjalavörslu er ekki sinnt.....	11
2.6 Eftirliti með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila er ábótavant.....	11
2.7 Samþykkt málalykla og skjalavistunaráætlanir er verulega ábótavant.....	12
2.8 Afritun mikilvægra skjala er skammt á veg komin.....	12
2.9 Skjalaskráning uppfyllir ekki reglur og staðla hjá mörgum héraðsskjalasöfnum.....	12
2.10 Skýrslugjöf til Þjóðskjalasafns er takmörkuð.....	12
2.11 Yfirlit skortir víða um starfseminum.....	13
2.12 Aðgengi að upplýsingum um safnkost má bæta.....	13

3. Staða héraðsskjalasafna og samanteknar tillögur til úrbóta.....	14
3.1 Sveitarstjórnarstigið.....	14
3.2 Ríkisvaldið	15
4. Úrvinnsla og niðurstöður.....	16
4.1 Upplýsingar um héraðsskjalasafn og rekstur þess	16
4.2 Húsnæði og skjalageymslur.....	24
4.3 Öryggisafritun og neyðaráætlanir.....	28
4.4 Afhendingarskrá.....	30
4.5 Skráning og frágangur pappírsskjalasafna.....	32
4.6 Aðgengi að skjalaskrá.....	34
4.7 Safnkostur.....	35
4.8 Lestrarsalur og notkun safnkosts	39
4.9 Miðlun safnkostsins.....	42
4.10 Rannsóknir.....	46
4.11. Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum	47
Viðaukar	53
Viðauki 1 – Spurningar í eftirlitskönnun um starfsemi héraðsskjalasafna 2017	53
Viðauki 2 – Bréf til héraðsskjalavarða.....	66
Viðauki 3 – Listi yfir fjölda íbúa á bak við hvert héraðsskjalasafn 2016	69

Formáli Þjóðskjalavarðar

Um mitt ár 2014 samþykkti Alþingi Íslendinga lög um opinber skjalasöfn (nr. 77/2014). Þau leystu af hólmi lög um Þjóðskjalasafn Íslands frá 1985 (nr. 66/1985). Þau lög voru orðin úrelt og hafði verið breytt nokkrum sinnum. Hin nýju lög marka tímamót í ýmsu tilliti. Með þeim er horfið frá því að láta lög um Þjóðskjalasafn Íslands fela í sér ákvæði um stofnun og rekstur héraðsskjalasafna og þess í stað skrifuð ný heildarlöggjöf um opinber skjalasöfn, þar sem Þjóðskjalasafn er eitt þeirra. Þjóðskjalasafn er eftir sem áður sá aðili sem er yfirvald í opinberum skjalamálum alls landsins, setur reglur og hefur eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna. Nánar tiltekið hefur Þjóðskjalasafn sérstaklega *það hlutverk lögum samkvæmt að vera framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar á Íslandi. Í því felst m.a. að hafa eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna.*

Lög um opinber skjalasöfn eru mun ítarlegri en þau eldri og kveða skýrar á um hlutverk og skyldur opinberra skjalasafna og jafnar og styrkir stöðu þeirra.

Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að:

1. taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnýsly eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi,
2. hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið og skapa þeim aðstöðu til þess, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana,
3. leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim eins og kostur er,
4. hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.; afhendingarskyldir aðilar skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna athugana í þágu eftirlits opinberra skjalasafna,
5. gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti skjalasafna, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma,
6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.

Auk þess skulu öll opinber skjalasöfn fara að reglum settum á grundvelli laganna. Með lögum um opinber skjalasöfn voru sem sagt skapaðar nýjar aðstæður í opinberum skjalamálum og gerðar auknar kröfur til opinberra skjalasafna. Þau skulu nú öll standa undir öllum þeim þáttum sem talin eru til hlutverka þeirra.

Til þess að uppfylla þá skyldu sína að hafa eftirlit með því að héraðsskjalasöfnin starfi í samræmi við lög sendi Þjóðskjalasafn héraðsskjalasöfnunum rafræna könnun þann 20. mars 2017, með svarfresti til 10. apríl sem síðar var framlengdur til 21. apríl. Svör bárust frá öllum héraðsskjalasöfnum. Svörin sýna að sveitarstjórnir og héraðsskjalasöfnin hafa ekki enn náð að breyta starfsemi safnanna þannig að hún uppfylli kröfur hinna nýju laga. Í bráðabirgðaákvæði laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um að héraðsskjalasafn geti starfað áfram í þrjú ár eftir að reglugerð hefur verið sett. Sú reglugerð hefur ekki enn verið sett en er í undirbúningi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Mikilvægt er að setning hennar dragist ekki en þar skal mælt fyrir um skilyrði fyrir því að fá útgefið leyfi til reksturs héraðsskjalasafns.

Samantekt heildarniðurstaðna eru hér birtar opinberlega. Þær verða sendar öllum héraðsskjalasöfnum og sveitarstjórnnum auk niðurstaðna fyrir hvert og eitt héraðsskjalasafn. Vonandi nýtast niðurstöðurnar til þess að skipuleggja starfsemi héraðsskjalasafnanna þannig að hún uppfylli kröfur laganna og þeirrar reglugerðar sem sett verður um starfsemi safnanna. Héraðsskjalavörðum er hér með þakkað fyrir góð svör.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns, hafði umsjón með könnuninni og tók saman þessa skýrslu. Skjalaverðir safnsins lásu skýrsluna yfir í drögum. Er þeim öllum þakkað gott verk.

Reykjavík, 4. desember 2018

Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður

1. Inngangur

1.1 Um eftirlit Þjóðskjalasafns Íslands með héraðsskjalasöfnum

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga. Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa það hlutverk að framfylgja ofangreindum lögum með því að taka til varðveislu skjöl afhendingarskyldra aðila og veita almenningi, fræðimönnum og stjórnvöldum aðgang að þeim. Þjóðskjalasafn er jafnframt framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar í landinu og er það hlutverk tvíþætt. Annars vegar snýr það að reglusetningu um hvernig skjalavörslu og skjalastjórn skuli háttað í stjórnslu hins opinbera, þ.m.t. um afhendingu, varðveislu og eyðingu skjala afhendingarskyldra aðila. Hins vegar snýr hlutverkið að starfsemi héraðsskjalasafna, þ.e. að gera tillögu til ráðherra um að veita skuli leyfi til að koma á fót héraðsskjalasafni og gefa út rekstrarleyfi að fengnu samþykki ráðherra og að hafa eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur tvisvar áður gert úttektir á starfsemi héraðsskjalasafna. Fyrst árið 2008 og voru niðurstöður þeirrar úttektar gefnar út í skýrslu sama ár.¹ Árin 2010–2012 fóru starfsmenn Þjóðskjalasafns í heimsóknir á öll héraðsskjalasöfni til að rækja eftirlits- og ráðgjafahlutverk gagnvart héraðsskjalasöfnum. Skýrsla úr þeim eftirlitsheimsóknum var gefin út sem handrit árið 2015 og send öllum héraðsskjalasöfnum ásamt mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Skýrsla sú sem hér birtist er því þriðja úttekt á starfsemi héraðsskjalasafna á áratug. Í skýrslunni eru birtar niðurstöður úttektar Þjóðskjalasafns á rekstri héraðsskjalasafna árið 2017.

1.2 Markmið könnunarinnar

Markmið könnunarinnar er að fá yfirlit yfir stöðu á rekstri og starfsemi héraðsskjalasafna á grundvelli laga um opinber skjalasöfn sem sett voru árið 2014. Með þeim lögum sköpuðust nýjar aðstæður fyrir opinber skjalasöfn. Hlutverk þeirra var betur skilgreint en áður og kröfur á þau um leið auknar. Þjóðskjalasafni, sem framkvæmdaaðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar, er skylt að hafa eftirlit með því að héraðsskjalasöfn starfi í samræmi við lögin. Þjóðskjalasafn er að uppfylla eftirlitsskyldu sína með könnuninni. En í henni eru settar fram spurningar sem leiða eiga fram hvernig héraðsskjalasöfn ná að uppfylla skyldur sínar eins og þeim er lýst í lögum um opinber skjalasöfn. Niðurstöður sýna stöðu héraðsskjalasafna á landinu í heild og stöðu einstakra safna, sýna hvað er í góðu horfi og hvar helst má bæta úr til þess að mæta kröfum laga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra. Niðurstöður könnunarinnar geta einnig nýst héraðsskjalasöfnum og sveitarstjórnnum til að meta stöðu héraðsskjalasafna þegar ný reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns lýtur dagsins ljós.

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn skal ráðherra setja reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns þar sem kveðið skal á um skilyrði fyrir því að fá útgefið rekstrarleyfi. Í bráðabirgðaákvæði laganna er kveðið á um að héraðsskjalasafn geti starfað áfram í þrjú ár eftir að reglugerð hefur verið sett. Þann 8. maí 2017 voru drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns send til umsagnar héraðsskjalasafna, sveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þjóðskjalasafn annaðist þetta í umboði mennta- og menningarmálaráðuneytisins, vann úr umsögnum og sendi tillögur sínar til ráðuneytisins í nóvembermánuði 2017.

¹ *Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð. Úttekt á starfsemi héraðsskjalasafna haustið 2008.* (Reykjavík 2008). Skýrslan er einnig aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns: https://skjalasafn.is/files/docs/heradsskjalasofn_skyrsla_2008.pdf.

1.3 Skipulag könnunarinnar

Könnunin var sett fram í 12 liðum og voru mismargar spurningar undir hverjum lið. Sumar spurningar birtust ekki þátttakendum nema önnur svör kölluðu á það að spurningu yrði svarað. Könnuninni var skipt upp í eftirfarandi hluta:

1. Upplýsingar um héraðsskjalasafn og rekstur þess
2. Húsnæði og skjalageymslur
3. Öryggisafritun og neyðaráætlun
4. Afhendingarskrá
5. Skráning og frágangur pappírsskjalasafna
6. Aðgengi að skjalaskrá
7. Safnkostur
8. Lestrarsalur og notkun safnkosts
9. Miðlun safnkostsins
10. Rannsóknir
11. Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum
12. Ósk um fylgiskjöl.

1.4 Framkvæmd, þátttaka og svörun

Við gerð spurningalista könnunarinnar var horft til laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, reglna sem settar hafa verið á grundvelli laganna, núgildandi reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og úttektar á starfsemi héraðsskjalasafna árið 2008.² Þá var leitað samráðs við Samráðshóp opinberra skjalasafna en í honum sátu þrjú héraðsskjalaverðir og tveir fulltrúar frá Þjóðskjalasafni. Auk þess var leitað sérstaklega ráða hjá héraðsskjalavörðum Árnesinga og Þingeyinga um hluta spurningalistans og í heild sinni. Þá var jafnframt leitað samráðs hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem fékk spurningalistann sendan í heild sinni. Spurningarnar voru endurskoðaðar eftir samráðsferlið.

Þann 14. mars 2017 var héraðsskjalavörðum sent bréf til að upplýsa þá um að von væri á eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna. Í bréfinu var vísað í eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns og markmið könnunarinnar tíunduð.

Könnunin fór fram í gegnum könnunarkerfi á vefnum sem Þjóðskjalasafn hefur aðgang að. Þann 20. mars var öllum héraðsskjalavörðum sendur hlekkur á könnunina og svarfrestur gefinn til 10. apríl. Vegna óska héraðsskjalavarda var svarfrestur lengdur til 21. apríl.

Könnunin var send til allra 20 héraðsskjalasafnanna og bárust svör frá þeim öllum. Svarhlutfall var því 100%.

1.5 Niðurstöður hvers héraðsskjalasafns og eftirfylgni

Auk þessarar skýrslu voru unnar skýrslur fyrir hvert og eitt héraðsskjalasafn byggðar á svörum hvers safns. Þann 5. júlí 2018 var héraðsskjalavörðum send þessi drög með framlengdum athugasemdafresti til 21. september. Athugasemdir bárust frá 10 héraðsskjalasöfnum af 20 við drög að skýrslunum auk bréfs frá öllum héraðsskjalavörðum með athugasemdum um framsetningu á niðurstöðum eftirlitskönnunarinnar og fyrirhugaða birtingu.

Þegar unnið hafði verið úr athugasemdum og tekið tillit til flestra þeirra voru skýrslur um starfsemi einstakra héraðsskjalasafna sendar héraðsskjalasöfnum, sveitarfélögum sem aðilar eru að viðkomandi héraðsskjalasafni, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í skýrslunum er að finna niðurstöður svara hvers safns, mat á því hversu vel lögum og reglum er fylgt ásamt kröfum Þjóðskjalasafns Íslands um úrbætur. Þá er farið fram á að rekstraraðilar safnanna sendi Þjóðskjalasafni tímasetta áætlun fyrir 31. októberber 2019 um hvernig standa skuli að úrbótum í starfsemi þeirra, sbr. athugasemdir í hverri skýrslu. Þjóðskjalasafn mun svo meta þær úrbótaáætlanir.

² Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð. Úttekt á starfsemi héraðsskjalasafna haustið 2008.

2. Meginniðurstöður

Gerð er grein fyrir úrvinnslu og greiningu einstakra spurninga í kafla 4. Skýrslur einstakra héraðsskjalasafna, sem hafa verið unnar úr svörum þeirra, voru sendar ásamt þessari skýrslu til rekstraraðila safnanna. Hér verða raktar helstu niðurstöður könnunarinnar og ályktað hvernig þurfi að bregðast við.

2.1 Skjalageymslur tryggja varðveislu safnkosts að langstærstum hluta en þörf er á auknu geymsluplássi

Að mati 90% héraðsskjalavarða (18 héraðsskjalaverðir) tryggðu skjalageymslur varðveislu safnkostsins. 10% (2 héraðsskjalaverðir) héraðsskjalavarða töldu að skjalageymslur tryggðu ekki varðveislu hans.

70% héraðsskjalavarða (14 héraðsskjalaverðir) töldu að þörf væri á auknu geymsluplássi næstu fimm árin en 30% (6 héraðsskjalaverðir) ekki. Alls töldu héraðsskjalaverðir að þörf væri á 4.700 hillumetrum til viðbótar sem er aukning upp á 23% miðað við umfang safnkosts héraðsskjalasafna í árslok 2016. Ef skjalasafn getur ekki tekið við afhendingarskyldum gögnum geta þau ekki uppfyllt skyldur sínar gagnvart notendum um að fá aðgang að þeim gögnum.

Mikilvægt er að héraðsskjalasöfn hafi ávallt nægt geymslupláss fyrir skjöl sem þeim ber að taka til varðveislu lögum samkvæmt. Rekstraraðilar þurfa að sjá til þess að héraðsskjalasöfn hafi alltaf nægilegt og traust geymslurými. Þannig tryggja þau öryggi skjala og aðgang almennings og fræðimanna að gögnum.

2.2 Aðstaða fyrir gesti er víðast góð

Héraðsskjalasöfnum ber skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að skapa safngestum aðstöðu til að nota skjöl safnsins, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana. Á lestrarsal eða lesstofu skjalasafna er safngestum m.a. sköpuð aðstaða til að nýta safnkostinn. 80% (16 héraðsskjalasöfn) hafa sérstaka aðstöðu fyrir safngesti til að skoða skjöl úr safnkostinum. 20% (4 héraðsskjalasöfn) hafa hana ekki. Mikill meirihluti safnanna býr vel að gestum sínum en það er lögbundið að opinber skjalasöfn eiga að skapa notendum aðstöðu til þess að nýta safnkostinn.

2.3 Miðlun safnkostsins er sinnt hjá öllum héraðsskjalasöfnum

Öll héraðsskjalasöfnin sinna miðlun á safnkosti á einhvern hátt. Öll söfnin hafa sett upp sýningar byggðum á safnkosti, 80% (16 héraðsskjalasöfn) kynna safnið fyrir hópum, jafnmörg héraðsskjalasöfn vinna stafrænar endurgerðir úr safnkostinum og 55% (11 héraðsskjalasöfn) birta stafrænar endurgerðir á vefnum. Fá héraðsskjalasöfn gefa þó út frumheimildir (5%, 1 héraðsskjalasafn) eða niðurstöður rannsókna (15%, 3 héraðsskjalasöfn). Rannsóknir á safnkosti stunda 40% (8 héraðsskjalasöfn). Almenn sinna héraðsskjalasöfnin miðlun safnkostsins vel.

2.4 Héraðsskjalasöfnin eru of faliðuð

Fjöldi stöðugilda á héraðsskjalasöfnum eru mismörg enda stærð þeirra og íbúar í umdæmi mismargir. Stöðugildi á héraðsskjalasöfnum í lok árs 2016 voru frá 0,3 til 7,8. Samtals voru stöðugildin 36,3. Að meðaltali voru 1,8 stöðugildi á hvert héraðsskjalasafn. 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) hafa eitt eða færri stöðugildi, 40% (8 héraðsskjalasöfn) hafa 1,5 til 3,5 stöðugildi og 5% (1 héraðsskjalasafn) hefur 7,8 stöðugildi. Héraðsskjalasöfnin eru því mörg fámenn og öll nema eitt (95%, 19 héraðsskjalasöfn) töldu þörf á fjölgun starfsfólks til að geta sinnt lögbundnum verkefnum. Í heild töldu héraðsskjalasöfnin að þörf væri á allt að 26 stöðugildum í viðbót við þau 36,3 sem þegar eru

á söfnunum. Það væri fjölgun stöðugilda um 72%. Telja verður líklegt að héraðsskjalasafn sem þjónustar fjölmennt sveitarfélög eða mörg sveitarfélög þurfi meira en tug starfsmanna (sjá 3.1).

Augljóst er að héraðsskjalasöfnin geta ekki miðað við núverandi mönnun og skipulag sinnt lögbundnum hlutverkum sínum. Rekstraráðilar þurfa að taka mönnun héraðsskjalasafna til endurskoðunar.

2.5 Rafrænni skjalavörslu er ekki sinnt

Allir afhendingarskyldir aðilar eiga að tilkynna rafræn gagnakerfi sem þeir nota til opinbers skjalasafns skv. reglum þar um. Það er hlutverk héraðsskjalasafna að veita fræðslu um þær reglur sem gilda um skjalavörslu og skjalastjórn og skapa aðstæður á söfnunum til viðtöku rafrænna gagna. Í könnuninni kom í ljós að ekkert héraðsskjalasafn hafði tekið við rafrænum gögnum frá afhendingarskyldum aðilum til varðveislu og aðeins eitt héraðsskjalasafn hafði tekið við tilkynningum á rafrænum gagnakerfum. Þó höfðu 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) tekið við rafrænum gögnum frá einkaaðilum en þau gögn voru öll varðveitt á upprunalegu formi en ekki á gagnasniði sem er ætlað til langtímaavörslu.

Aðeins eitt héraðsskjalasafn, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, hefur við útgáfu þessarar skýrslu hafið rafræna skjalavörslu en fyrstu tilkynningar um rafræn gagnakerfi bárust safninu á árinu 2016. Borgarskjalasafn hefur ekki enn tekið við vörsluútgáfu rafrænna gagna skv. reglum nr. 100/2014 um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Önnur héraðsskjalasöfn svöruðu því til að ekki hefði verið tekin ákvörðun um hvenær söfnin myndu vera tilbúin að taka við rafrænum gögnum til varðveislu samkvæmt reglum þar um. Árið 2009 voru reglur um rafræna skjalavörslu fyrst settar og svo endurskoðaðar árið 2010 með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Að héraðsskjalasöfn sinni ekki rafrænni skjalavörslu, þ.e. veiti ekki fræðslu um rafræn opinber gögn og skil á þeim, taki ekki við og afgreiði tilkynningar um rafræn gagnakerfi og taki ekki við rafrænum gögnum til varðveislu, skapar hættu á að gögn sveitarfélaga varðveitist ekki og að mikilvægar upplýsingar glatist. Sveitarfélög þurfa að horfast í augu við að rafræn gögn þarf í meginatriðum að varðveita rafrænt. Það er t.d. í ýmsum tilvikum ekki hægt að prenta út rafræn gögn með haldbærum hætti, svo sem upplýsingar í gagnakerfum, myndskleið og hjóðskrár.

Afar brýnt er að breyta þessu ástandi og hefja langtímaavörslu rafrænna gagna á sveitarsjórnarstiginu enda er aðgerðaleysi í innheimtu og vörslu þessara gagna í andstöðu við lög um opinber skjalasöfn.

2.6 Eftirliti með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila er ábótavart

Héraðsskjalasöfnum ber skv. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Helmingur héraðsskjalasafna (10 héraðsskjalasöfn) sinna eftirliti með annað hvort eftirlitsheimsóknnum eða eftirlitskönnunum en helmingur sinni þessu verkefni ekki. Þrjú héraðsskjalasöfn sendu sem fylgiskjal með könnuninni skýrslur úr eftirliti þeirra með stofnunum sveitarfélaganna. Þær skýrslur gáfu ekki nægar upplýsingar um hvort að kannað hafi verið hvort stofnunin sem sætti eftirliti, uppfyllti lög um opinber skjalasöfn og reglur sem settar hafa verið samkvæmt lögum. Framkvæmd eftirlits hjá héraðsskjalasöfnum er áhyggjuefni, aðeins helmingur þeirra sinnir því að einhverju marki og skýrslur um úttektir í eftirlitsheimsóknnum gefa litlar upplýsingar um stöðu afhendingarskyldra aðila.

Afar brýnt er að öll héraðsskjalasöfn taki upp skipulegt eftirlit með afhendingarskyldum aðilum.

2.7 Samþykkt málalykla og skjalavistunaráætlana er verulega ábótavant

Áður en málalyklar og skjalavistunaráætlunir afhendingarskyldra aðila eru teknar í notkun eiga héraðsskjalasöfn að fá þær til umsagnar og samþykktar, skv. reglum þar um. Aðeins 35% héraðsskjalasafna (7 héraðsskjalasöfn) hafa samþykkt málalykla og skjalavistunaráætlunir. Innan við 3% aðila sem afhendingarskyldir eru til héraðsskjalasafna eru með samþykktu málalykla og skjalavistunaráætlunir. Við nánari skoðun á gögnum könnunarinnar kom í ljós að aðeins eitt héraðsskjalasafn af sjö hafði samþykkt málalykil sem uppfyllir reglur og ekkert héraðsskjalasafn hafði samþykkt skjalavistunaráætlun sem uppfyllti reglur. Það er mikið áhyggjuefni að þessum skipulagsatriðum í skjalavörslu og skjalastjórn sveitarfélaga skuli ekki vera betur sinnt. Málalyklar eru gundvallaratriði við skipulag málafns og einnig lykill að notkun þess eftir að það er komið til varðveislu á opinberu skjalasafni. Þessi staða getur leitt til þess að skipulagi skjalasafna afhendingarskyldra aðila sé áfátt, að yfirlit yfir skjalasöfn skorti og að skjöl verði ekki aðgengileg þegar á þarf að halda.

Brýnt er að öll héraðsskjalasöfn geri átak í að fá málalykla og skjalavistunaráætlunir stofnana sveitarfélaga til mats og samþykktar.

2.8 Afritun mikilvægra skjala er skammt á veg komin

Í 18. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um að mikilvægustu skjöl safnanna skuli vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og afritin varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra. Safnkostur opinberra skjalasafna er einstakur og óbætanlegur og því mikilvægt að mikilvægustu skjöl safnanna séu til í afriti, s.s. ef hamfarir verða. Könnunin sýnir að 30% héraðsskjalasafna sinna afritun á mikilvægum skjölum að einhverju leyti. Hér þarf að gera betur og er ráðlagt að héraðsskjalasöfnin geri sér áætlunir um markvissa öryggisafritun mikilvægustu skjala í þeirra vörslu.

Huga ætti að því hvort rétt sé að styrkja þennan þátt sérstaklega með sérstöku tímabundnu framlagi á fjárlögum.

2.9 Skjalaskráning uppfyllir ekki reglur og staðla hjá mörgum héraðsskjalasöfnum

Alls skrá 95% (19 héraðsskjalasöfn) upplýsingar í afhendingarskrá sem er skrá sem opinber skjalasöfn halda til að hafa yfirlit yfir afhendingar til safnsins og safnkostinn. Um færslu afhendingarskrár er kveðið í 9. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Þó að skráning í afhendingarskrá sé víðast í lagi á héraðsskjalasöfnum uppfylla aðeins 35% þeirra (7 héraðsskjalasöfn) reglur nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila. Mikilvægt er að skráning skjalasafna sem héraðsskjalasöfn varðveita sé eftir reglum Þjóðskjalasafns og alþjóðlegum stöðlum, það auðveldar almenningi og fræðimönnum leit að skjölum hjá héraðsskjalasöfnum. Þá gefur skráning samkvæmt reglum þann möguleika að birta skjalaskrár allra skjalasafna á landinu í einu rafrænu kerfi og þannig auka aðgengi að safnkosti þeirra.

Brýnt er að öll héraðsskjalasöfn fari að reglum um skráningu skjalasafna.

2.10 Skýrslugjöf til Þjóðskjalasafns er takmörkuð

Rekstraraðilar héraðsskjalasafna eiga skv. 2. mgr. 12. gr. laga um opinber skjalasöfn að skila árlega skýrslu um starfsemi til Þjóðskjalasafns. Aðeins 30% héraðsskjalasafna (6 héraðsskjalasöfn) senda Þjóðskjalasafni skýrslu um starfsemi sína.

Mikilvægt er að úr þessu verði bætt og að Þjóðskjalasafn fái árlega upplýsingar um starfsemi héraðsskjalasafna í ársskýrslum þeirra. Það auðveldar m.a. Þjóðskjalasafni hið lögbundna eftirlit með starfsemi héraðsskjalasafna. Þá er eðlileg upplýsingagjöf að skýrslur sveitarfélaga séu birtar á vef héraðsskjalasafns eða rekstraraðila.

2.11 Yfirlit skortir víða um starfsemina

Í svörum marga héraðsskjalasafna við spurningum eftirlitskönnunarinnar kom í ljós að víða skortir yfirlit um starfsemina. Þannig höfðu aðeins 55% (11 héraðsskjalasöfn) yfirlit yfir gestafjölda á lestrarsal, 30% (6 héraðsskjalasöfn) höfðu yfirlit yfir hversu margar skjalaeiningar söfnin afgreiddu á lestrarsal, aðeins 9% héraðsskjalasafna (1 héraðsskjalasafn af 11) sem varðveita rafræn gögn einkaaðila hafði yfirlit yfir fjölda þeirra afhendinga.³ Hins vegar höfðu 65–85% (13–17 héraðsskjalasöfn) safnanna yfirlit yfir fjölda sýninga sem þau höfðu sett upp árin 2014–2016. Þá sendu 30% (6 héraðsskjalasöfn) héraðsskjalasafna ekki fylgiskjöl með könnuninni eins og óskað var eftir. Mikilvægur hluti af starfsemi opinbers skjalasafns er að hafa yfirlit yfir helstu þætti starfseminnar sem m.a. nýtist í skýrslugjöf til Þjóðskjalasafns og rekstraraðila safnsins.

Opinber skjalasöfn ættu að samræma skráningu grunnþátta í starfsemi sinni.

2.12 Aðgengi að upplýsingum um safnkost má bæta

80% héraðsskjalasafna (16 héraðsskjalasöfn) hafa skjalaskrár aðgengilegar fyrir notendur, ýmist á vef, útprentaðar á lestrarsal eða útgefnar á prenti. Hjá 20% héraðsskjalasafna (4 héraðsskjalasöfn) eru skjalaskrár ekki aðgengilegar notendum. Helmingur héraðsskjalasafna (10 héraðsskjalasöfn) hafa birt skjalaskrár á vef sínum og eru þær þannig aðgengilegar notendum hvar sem er og hvenær sem er. Þrátt fyrir að aðgengi að upplýsingum um safnkostinn sé víðast gott má bæta það með því að fleiri héraðsskjalasöfn setji skjalaskrár á vefinn.

³ Ekkert þeirra héraðsskjalasafna sem varðveitti rafræn gögn varðveitti þau skv. reglum nr. 100/2014 um um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Sjá kafla 2.5 og 4.7.4.

3. Staða héraðsskjalasafna og samanteknar tillögur til úrbóta

Aðaltilgangur þessarar könnunar er að fá yfirlit yfir á stöðu héraðsskjalasafna í kjölfar laga um opinber skjalasöfn sem sett voru árið 2014. Niðurstöðurnar sýna hvað vel er gert og hvar staðan er veik. Stjórnvöld fá hér upplýsingar um hvar úrbóta er þörf hjá héraðsskjalasöfnum.

Yfirstjórn opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar er í höndum ráðherra en Þjóðskjalasafn Íslands annast framkvæmd hennar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn. Sveitarfélög bera ábyrgð á rekstri héraðsskjalasafna og að starfsemi þeirra sé samkvæmt lögum, reglugerðum og reglum þar um. Það er því sameiginlegt verkefni sveitarfélaga og ríkis að skjalavarsla og skjalastjórn sveitarstjórnarstigsins, og þar með talið héraðsskjalasafna, uppfylli lög og reglur og verði eins og best verður á kosið. Í þessum kafla er fjallað almennt um hverju þessi tvö stjórnsýslustig þurfi að huga að við starfsemi héraðsskjalasafna. Eðlilegt má teljast að málaflokkurinn sé metinn heildstætt á báðum stigum.

3.1 Sveitarstjórnarstigið

Flest héraðsskjalasöfnin eru litlar stofnanir, 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) höfðu eitt stöðugildi eða minna árið 2016 og 40% (8 héraðsskjalasöfn) höfðu 1,5 til 3,5 stöðugildi. Árið 2016 voru stöðugildi í héraðsskjalasöfnum alls 36,3. Stærst héraðsskjalasafnanna er Borgarskjalasafn Reykjavíkur með 7,8 stöðugildi. Á sama tíma varðveittu héraðsskjalasöfnin 20.278 hillumetra, þar af Borgarskjalasafn með 10.100 hillumetra. 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) varðveita hvert 500 hillumetra eða minna af skjölum. Allir héraðsskjalaverðir töldu að fjölga þyrfti starfsfólki. Töldu héraðsskjalaverðir að með þeim starfsmannafjölda sem söfnin hefðu yfir að ráða gætu þau ekki sinnt öllum þeim lögbundnu verkefnum sem þeim eru falin í lögum. Niðurstaða þessarar eftirlitskönnunar sýnir að úrbóta er þörf víðsvegar á héraðsskjalasöfnum. Má þar helst nefna varðveislu rafræna gagna og framkvæmd eftirlits héraðsskjalasafna með afhendingarskyldum aðilum. Það aðgerðaleyfi sem hér viðgengst getur leitt til þess að gögn sveitarfélaga tapist. Sveitarfélögin og héraðsskjalasöfnin hafa ekki tryggt varðveislu rafræna gagna og framkvæmd eftirlits stendur ekki á nægilega föstum fótum til þess að veita stofnunum sveitarstjórnarstigsins ráð og aðhald. Hætta er á að gögn sveitarfélaga og stofnana þeirra fari forgörðum ef langtímarvarðveisla rafræna gagna er ekki tryggð á héraðsskjalasöfnum. Hafa ber í huga að nánast öll skjöl í stjórnsýslunni eiga uppruna sinn í rafrænum kerfum. Möguleiki er að prenta hluta af þessum skjölum út á pappír og varðveita þau þannig og það hafa héraðsskjalasöfnin ráðlagt sveitarfélögum og stofnunum þeirra að gera. Hins vegar er ekki hægt að prenta út öll rafræn gögn og varðveita þau þannig, t.d. gagnagrunna, hljóðskrár og myndskrár. Auk þess tapast eiginleikar hinna rafræna gagna, s.s. leitarmöguleikar, við útprentun. Varðveislustefna á pappír, í rafrænu umhverfi eins og stjórnsýsla sveitarfélaga er, leiðir óhjákvæmilega til þess að sum gögn munu fara forgörðum og önnur verða óaðgengileg vegna þess óhagræðis að leita að upplýsingum á pappír en ekki í leitarbæru rafrænu skjali. Hafa skal hugfast að um er að ræða upplýsingar er geta varðað réttindi almennings og hins opinbera og geta varðað sögu lands og þjóðar.

Á það skal minnt að lög um opinber skjalasöfn kveða á um að rafræn opinber gögn skuli afhent opinberu skjalasafni til varðveislu að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð fimm ára aldri. Vanræksla á afhendingu rafræna gagna til opinbers skjalasafn er sem sagt í andstöðu við lög. Bæði héraðsskjalasöfnin og hinir afhendingarskyldu aðilar sveitarfélaga hafa skyldum að gegna hér samkvæmt áðurnefndum lögum. Söfnin *skulu heimta inn skjöl frá afhendingarskyldum aðilum* (13. gr.) og hinir afhendingarskyldu aðilum er *skyld* að afhenda *opinberu skjalasafni skjöl sín* (14.gr.). Vanræksla á afhendingarskyldunni getur verið refsiverð (47. gr.).

Í ljósi niðurstaðna sem hér birtast má gera ráð fyrir að héraðsskjalasöfnin eins og þau er mönnum í dag geti vart sinnt öllum lögbundnum verkum sínum. En þau eru einkum að hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn, veita ráðgjöf, taka við skjölum til varðveislu, halda úti lestrarsal og svara fyrirspurnum um safnkostinum, stunda rannsóknir og miðla gögnum. Vert að benda á að ekkert héraðsskjalasafn hafði undir lok árs 2016 komið sér upp aðstöðu til að taka við og varðveita rafræn gögn sveitarfélaga þó svo að reglur um slíkt hafi tekið gildi árið 2010. Við útgáfu þessarar skýrslu undir lok árs 2018 var sú staða óbreytt. Eitt héraðsskjalasafn, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, hafði þá hafið vinnu við

innleiðingu á rafrænni skjalavörslu. Borgarskjalasafn, sem er langstærsta héraðsskjalasafnið með 7,8 stöðugildi árið 2016, taldi að það þyrfti minnst þrjú stöðugildi í viðbót á þeim tíma til að geta sinnt lögbundum verkefnum og að auki eitt stöðugildi árið 2019 til að sinna rafrænni skjalavörslu. Það má ætla að héraðsskjalasafn sem þjónar fjölmennu svæði þurfi að minnsta kosti að hafa 11 - 12 stöðugildi til þess að sinna öllum hlutverkum sínum.

Nauðsynlegt er að efla starfsemi héraðsskjalasafna til þess að þau geti sinnt hlutverki sínu skv. lögum. Ráðlegt er að endurskoða heildstætt skjalavörslu og skjalastjórn á sveitarstjórnarstiginu öllu. Tryggja þarf að varsla skjala allra sveitarfélaga til langs tíma samkvæmt kröfum nútímans verði tryggð. Nær víst er að hagkvæmast og faglega sterkast sé að auka samstarf sveitarfélaga og leita sameiginlegra lausna á þessum vettvangi. Ráðlagt er að láta vinna sérstakt mat á þessu. Í því sambandi má vekja athygli á því að gögn könnunarinnar sýna að samanlagður fjöldi starfsmanna í héraðsskjalasöfnunum var árið 2016 36,3 stöðugildi og safnkosturinn var þá 20.278 hillumetra af pappírsskjölum en engin rafræn opinber gögn. Rektrarkostnaður þeirra var samtals 468 m.kr. Til samanburðar hafði Þjóðskjalasafn Íslands á sama tíma 29,1 stöðugildi, 44.000 hillumetra pappírskjala og 128 gb opinber rafræn gögn. Rekstrararkostnaður Þjóðskjalasafns var árið 2016 365 m.kr.

3.2 Ríkisvaldið

Yfirstjórn opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar er í höndum ráðherra og framkvæmd hennar er í höndum Þjóðskjalasafns Íslands. Ráðherra á lögum samkvæmt að setja ramma utan um starfsemi héraðsskjalasafna með setningu reglugerðar. Þjóðskjalasafn skal veita héraðsskjalasöfnum rekstrarleyfi og hafa eftirlit með rekstri þeirra. Ríkisvaldið hefur á þessum forsendum mikið um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarstigsins að segja.

Núgildandi reglugerð um héraðsskjalasöfn er frá árinu 1994 og var sett á grundvelli eldri laga um Þjóðskjalasafn Íslands (nr. 66/1985) sem féllu úr gildi við gildistöku laga um opinber skjalasöfn árið 2014. Mikið hefur breyst í opinberri skjalavörslu og skjalastjórn síðan reglugerð um héraðsskjalasöfn var sett fyrir hartnær aldarfjórðungi. Má þar t.d. nefna varðveislu rafrænna gagna, meiri kröfur sem eru gerðar til afhendingarskyldra aðila og skýrara eftirlitshlutverk opinberra skjalasafna með tilkomu laga um opinber skjalasöfn. Meginforsenda þess að rekstur héraðsskjalasafna uppfylli núgildandi lög og þjóni með fullnægjandi hætti sveitarstjórnarstiginu og almenningi er að rammi um starfsemi þeirra sé skýr og endurspegli kröfur nútímasamfélags. Þjóðskjalasafn Íslands, sem eftirlitsaðili með héraðsskjalasöfnum, þarf líka skýran ramma til þess að byggja eftirlitið á. Þar af leiðandi er mikilvægt að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns verði sett sem allra fyrst. Í því samhengi má benda á að í lögum um opinber skjalasöfn er bráðabirgðaákvæði um að héraðsskjalasöfn hafi þrjú ár frá gildistöku nýrrar reglugerðar til að uppfylla þau skilyrði sem þar koma fram um reksturinn. Þannig er vilji löggjafans að héraðsskjalasöfn hafi tiltekinn aðlögunartíma frá setningu reglugerðar til að uppfylla skilyrði um rekstur. En ljóst er að endurnýja þarf rekstrarleyfi héraðsskjalasafna þegar þar að kemur. Drög að reglugerð liggja nú í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þjóðskjalasafn sendi drögin til ráðuneytisins í kjölfar opins umsagnar- og samráðsferils í nóvember 2017.

Ráðlegt er að endurskoða upphæð og úthlutun árlegs rekstrarstyrks sem héraðsskjalasöfn fá úr ríkissjóði samhliða setningu reglugerðar um rekstur héraðsskjalasafns og endurskoðun á skipulagi skjalavörslu og skjalastjórnar á sveitarstjórnarstiginu. Huga þarf að því hvaða forsendur og fyrirkomulag við úthlutun þjóni best markmiðum laga um opinber skjalasöfn, hvornig á að ákveða upphæð til hvers og eins safns, skal úthlutun háð skilyrðum o.s.frv.


4. Úrvinnsla og niðurstöður

4.1 Upplýsingar um héraðsskjalasafn og rekstur þess

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli vera í umsókn um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns. Þar kemur fram að í umsókn skuli gera grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði, húsnæði, búnaði og fjölda starfa sem safninu er ætlað. Í 2. mgr. 12. gr. laganna segir jafnframt að rekstraráðilar héraðsskjalasafns skuli árlega skila til Þjóðskjalasafns skýrslu um starfsemina. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Í 1. gr. reglugerðarinnar er jafnframt kveðið á um að fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns skuli tryggður.

Spurt var um rekstrarform héraðsskjalasafnsins (spurning 1.4), fjölda starfsmanna (spurning 1.5), fjölda stöðugilda (spurning 1.6) og hvort þörf væri á fjölgun starfsfólks (spurning 1.12). Þá var spurt um skiptingu hlutfalls verkefna hjá héraðsskjalasafni (spurning 1.7), hver rekstrarkostnaður safnsins væri (spurning 1.8) og um hversu mikið af rekstrarfé kæmi frá styrkjum sem Þjóðskjalasafn veitir (spurning 1.9). Einnig var spurt hvort héraðsskjalasafnið gæfi út ársskýrslu (spurning 1.10) og hvort til væri stofnsamþykkt fyrir héraðsskjalasafnið (spurning 1.11).


4.1.1 Sveitarfélög sem eiga aðild að héraðsskjalasafni



	Fjöldi	%
Aðili að héraðsskjalasafni	54	73%
Ekki aðili að héraðsskjalasafni	20	27%
Samtals	74	100%

Niðurstaða: Af 74 sveitarfélögum sem voru á Íslandi árið 2016 voru alls 54 sveitarfélög aðilar að þeim 20 héraðsskjalasöfnum sem eru starfandi. Að baki þeim eru 259.606 íbúar miðað við íbúafjölda 1. desember 2016. 20 sveitarfélög eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og að baki þeim eru 78.473 íbúar. Þau sveitarfélög eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum um opinber skjalasöfn. Stærsta sveitarfélagið sem á aðild að héraðsskjalasafni er Reykavíkurborg (123.133 íbúar) og minnsta sveitarfélagið er Skorradalshreppur (53 íbúar). Þrjú stærstu héraðsskjalasöfnin miðað við íbúafjölda eru Borgarskjalasafn Reykjavíkur (123.133 íbúar), Héraðsskjalasafn Kópavogs (35.234 íbúar) og Héraðsskjalasafnið á Akureyri (20.508 íbúar). Þrjú minnstu héraðsskjalasöfnin miðað við íbúafjölda eru Héraðsskjalasafn Dalasýslu (678 íbúar), Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu (1.178 íbúar) og Héraðsskjalasafn Svarfdæla (1.818 íbúar). Að meðaltali eru 12.980 íbúar á bak við hvert héraðsskjalasafn. Ef Borgarskjalasafn Reykjavíkur, sem hefur langflesta íbúa á bakvið sig, er undanskilið eru að meðaltali 7.183 íbúar á bak við hvert héraðsskjalasafn.

Íbúafjöldi sveitarfélaga sem eru aðilar að héraðsskjalasafni 1. desember 2016



Fjöldi sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til héraðsskjalasafna og íbúafjöldi í umdæmi héraðsskjalasafns 1. desember 2016.

Héraðsskjalasafn	Fjöldi sveitarfélaga sem er aðili að héraðsskjalasafni	Íbúafjöldi
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	1	678
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	1	1.178
Héraðsskjalasafn Svarfdæla	1	1.818
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	1	2.025
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	1	2.183
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	1	4.290
Héraðsskjalasafn Akraness	1	7.034
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	1	9.757
Héraðsskjalasafn Kópavogs	1	35.234
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	1	123.133
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	2	4.140
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	3	4.367
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	3	4.712
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	4	1.864
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellings	5	4.597
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	5	20.508
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	6	5.335
Héraðsskjalasafn Austfirðinga (Héraðsskjalasafnið Neskaupstað) ⁴	8	10.306
Héraðsskjalasafn Árnesinga	8	16.447
Alls	54	259.606

⁴ Héraðsskjalasafnið Neskaupstað hefur sérstaka stöðu þar sem hluti af sveitarfélaginu Fjarðabyggð, þ.e. Neskaupstaður, afhendir skjöl sín til safnsins en aðrir hlutar til Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Þess vegna er safnið talið með Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

Einnig er mismunandi hversu mörg sveitarfélög eru aðilar að hverju héraðsskjalasafni. Sveitarfélög sem eru aðilar að héraðsskjalasafni eru afhendingarskyld til þess. Helmingur héraðsskjalasafna, eða tíu, hafa aðeins eitt sveitarfélag sem er afhendingarskyld til viðkomandi safns. Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Austfirðinga hafa flest sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til þeirra eða alls átta á hvort safn.

Sjá viðauka 3 með yfirliti yfir íbúafjölda í sveitarfélögum 1. desember 2016 og fjölda íbúa á bak við hvert héraðsskjalasafn.


4.1.2 Hvert er rekstrarform héraðsskjalasafnsins?

Rekstrarform	Fjöldi	Héraðsskjalasöfn
Sjálfstæða stofnun sveitarfélags	8	<ol style="list-style-type: none"> 1. Borgarskjalasafn Reykjavíkur 2. Héraðsskjalasafn Akraness 3. Héraðsskjalasafn Dalasýslu 4. Héraðsskjalasafn Kópavogs 5. Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar 6. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 7. Héraðsskjalasafn Svarfdæla 8. Héraðsskjalasafnið á Akureyri
Byggðasamlag	3	<ol style="list-style-type: none"> 1. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 2. Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu 3. Héraðsskjalasafn Árnesinga
Hluti af rekstri safnahúss eða annarra safna	9	<ol style="list-style-type: none"> 1. Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu 2. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar 3. Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar 4. Héraðsskjalasafnið Ísafirði 5. Héraðsskjalasafnið Neskaupstað 6. Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga 7. Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja 8. Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu 9. Héraðsskjalasafn Þingeyinga

Niðurstaða: Rekstrarform héraðsskjalasafna er mismunandi. Um er að ræða þrjú flokka eftir því hvernig er staðið að rekstri þeirra, þ.e. héraðsskjalasafn sem er rekið sem sjálfstæð stofnun (8 héraðsskjalasöfn), héraðsskjalasafn sem er rekið sem byggðasamlag í eigu margra sveitarfélaga (3 héraðsskjalasöfn) eða héraðsskjalasafn sem er rekið sem hluti af starfsemi safnahúss eða annarra safna sveitarfélagsins (9 héraðsskjalasöfn).

Fjöldi afhendingarskyldra sveitarfélaga til héraðsskjalasafns virðist ekki hafa áhrif hvert rekstrarform safnanna er. Þannig eru Héraðsskjalasafnið á Akureyri og Héraðsskjalasafn Skagfirðinga sjálfstæðar stofnanir í eigu eins sveitarfélags en önnur sveitarfélög hafa gert samning um aðild að söfnunum og eru því afhendingarskyld þangað.


4.1.3 Fjöldi starfsmanna árið 2016



	Fjöldi	%
Karlur	16	31%
Konur	35	69%
Alls	51	100%

Niðurstaða: Sjá kafla 4.1.4.

4.1.4 Fjöldi stöðugilda árið 2016



	Fjöldi	%
Karlur	13,45	37%
Konur	22,85	63%
Alls	36,3	100%

Niðurstaða: Fjöldi starfsfólks héraðsskjalasafna er samtals 51 og stöðugildi samtals 36,3. Með stöðugildi er átt við fjölda starfa á ársgrundvelli. Konur eru í miklum meirihluta starfandi á héraðsskjalasöfnum og eru þær 35 á móti 16 körlum og er kynjahlutfallið því 69% á móti 31%. Kynjahlutfallið er svipað þegar stöðugildi eru skoðuð eða karlar í 37% stöðugilda og konur í 63% stöðugilda. Árið 2008 voru stöðugildi á héraðsskjalasöfnum samtals 25,3 og hefur þeim því fjölgað um 11 á tæpum áratug.⁵


Langflest starfsfólk er á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eða 8 í 7,8 stöðugildum. Næst mesti fjöldi starfsfólks er á Héraðsskjalasafninu Ísafirði þar sem sex manns starfa í 3,5 stöðugildum. Fæst eru stöðugildin í Héraðsskjalasafni Dalasýslu eða 0,3. Í 30% héraðsskjalasafna (sex héraðsskjalasöfn) er aðeins einn starfsmaður. Alls hafa 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) eitt stöðugildi eða minna. 45% (nú héraðsskjalasöfn) hafa meira en eitt stöðugildi.

⁵ Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð, bls. 13.

Héraðsskjalasafn	Fjöldi stöðugilda árið 2016
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	0,3
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	0,5
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	0,7
Héraðsskjalasafnið Neskaupstað	0,7
Héraðsskjalasafn Svarfdæla	0,75
Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	1
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	1
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	1
Héraðsskjalasafn Austur Húnavatnssýslu	1
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	1
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur Skaftfellinga	1
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	1,5
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	2
Héraðsskjalasafn Akraness	2
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	2,3
Héraðsskjalasafn Kópavogs	2,5
Héraðsskjalasafn Árnesinga	2,75
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	3
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	3,5
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	7,8
Alls	36,3


Ef skoðað er hversu margir íbúar eru á bak við hvert stöðugildi hjá héraðsskjalasöfnunum kemur í ljós að langflestir íbúar eru á bak við hvert stöðugildi hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur eða 15.786. Næstflestir eru á bak við hvert stöðugildi á Héraðsskjalasafni Kópavogs eða 14.094. Fæstir íbúar á bak við stöðugildi er á Héraðsskjalasafninu Ísafirði eða 1.346 og næstfæstir á Héraðsskjalasafni Skagfirðinga eða 1.380.

Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi héraðsskjalasafna 1. desember 2016




Áhugvert er að skoða hversu margir hillumetrar eru á hvert stöðugildi héraðsskjalasafna. Flestir hillumetrar eru á hvert stöðugildi á Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja eða 1.488, en þar eru varðveittir 744 hillumetrar og aðeins 0,5 stöðugildi. Næstflestar hillumetrar á stöðugildi eru á Borgarskjalasafni Reykjavíkur eða 1.295. Fæstar hillumetrar á stöðugildi eru á Héraðsskjalasafninu Ísafirði eða 91 hillumetri og næstfæstar á Héraðsskjalasafni Rangæinga og Austur-Skaftfellinga eða 95 hillumetrar á stöðugildi.

Fjöldi hillumetra á hvert stöðugildi héraðsskjalasafna árið 2016




4.1.5 Telur héraðsskjalavörður að þörf sé á fjölgun starfsfólks?



	Fjöldi	%
Já	19	95%
Nei	1	5%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Öll héraðsskjalasöfnin nema eitt (Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu) töldu að þörf væri á fjölgun starfsfólks. Misjafnt var hversu margt starfsfólk héraðsskjalasöfnin töldu að þörf væri á, allt eftir stærð safnanna. Í heild töldu héraðsskjalasöfnin að þörf væri á allt að 26 stöðugildum í viðbót við þau 36,3 sem þegar eru á héraðsskjalasöfnunum. Það er fjölgun um 72%. Helst nefndu héraðsskjalasöfnin að þörf væri á að fjölga starfsfólki til að geta sinnt eftirliti með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, auk þess að vinna við frágang og skráningu og miðlun safnkostsins.


4.1.6 Hlutfallsleg skipting verkefna



Verkefni	%
Ráðgjöf og eftirlit	16%
Frágangur og skráning	28%
Stjórnun	11%
Rannsóknir og miðlun	11%
Afgreiðsla úr safnkosti	24%
Annað	10%
Alls	100%

Niðurstaða: Aðeins þrjú héraðsskjalasöfn höfðu yfirlit yfir skiptingu hlutfalls verkefna en með því er átt við hversu hátt hlutfall af vinnutíma starfsfólks fari í tiltekin verkefni. Þau héraðsskjalasöfn sem höfðu slíkt yfirlit voru Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Þingeyinga. Hjá þessum þremur söfnum fer að meðaltali mestur tími í frágang og skráningu á skjalasöfnum eða 28% vinnutímans. Þá fer 24% í afgreiðslu úr safnkostinum til gesta og viðskiptavina safnsins. Í ráðgjöf og eftirlit fer 16% vinnutímans að meðaltali og í stjórnun, rannsóknir og miðlun og annað fer 10-11% vinnutímans.

4.1.7 Hver var rekstrarkostnaður héraðsskjalasafnsins árið 2016?



	Kr.	%
Launakostnaður	271.611.167	58%
Kostnaður við húsnæði	128.950.979	28%
Annar rekstrarkostnaður	67.171.845	14%
Alls	467.733.991	100%

Niðurstaða: Spurt var um hver var rekstrarkostnaður héraðsskjalasafna árið 2016 og var óskað eftir að hann væri sundurgreindur eftir launakostnaði, kostnaði við húsnæði og öðrum rekstrarkostnaði. Alls var rekstrarkostnaður héraðsskjalasafna tæpar 468 m.kr. árið 2016. Laun vega mest í rekstrarkostnaði eða 58%. Húsnæðiskostnaður var 28% af rekstrarkostnaði og annar kostnaður 14%.

Að meðaltali er því rekstrarkostnaður hvers héraðsskjalasafns 23,4 m.kr. Meðaltal gefur þó ekki rétta mynd af rekstrarkostnaði héraðsskjalasafna því umfang starfsemi þeirra er afar misjöfn. Lægsti rekstrarkostnaður er við Héraðsskjalasafn Dalaylsu eða tæpar 2 m.kr. en mestur er hann hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur eða 122,5 m.kr. sem er um 26% af heildarrekstrarkostnaði héraðsskjalasafna.

Húsnæðiskostnaður héraðsskjalasafnanna virðist vera reiknaður á mismunandi hátt. Í sumum tilfellum bar viðkomandi héraðsskjalasafn engan kostnað af húsnæði (t.d. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga) á meðan hann var 41% af rekstrarkostnaði Borgarskjalasafns. Rétt er því að setja fyrirvara við tölur um húsnæðiskostnað vegna ólíkra reikningsaðferða sveitarfélaga. Engin regla virðist á því hvort að kostnaður við húsnæði sé talinn sem hluti af rekstri héraðsskjalasafnsins eða sem hluti af rekstri sveitarfélagsins í heild.

Til samanburðar var rekstrarkostnaður Þjóðskjalasafns Íslands árið 2016 365 m.kr. Þar af var launakostnaður 77%, húsnæðiskostnaður 8% og annar kostnaður 15%.


4.1.8 Hversu mikið af rekstrarfé safnsins kemur frá Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016?

	Kr.	% af rekstrarkostnaði
Rekstrarstyrkir	14.100.000	3%
Verkefnastykir	12.274.000	3%
Alls	26.374.000	6%

Niðurstaða: Héraðsskjalasöfn skulu njóta styrks úr ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Styrkir til héraðsskjalasafna eru annars vegar rekstrarstyrkir sem öll héraðsskjalasöfn fá og hins vegar verkefnastykir sem héraðsskjalasöfn geta sótt um í verkefni við skönnun og miðlun heimilda. Þjóðskjalasafn Íslands sér um að úthluta þessum styrkjum. Á árinu 2016 var úthlutað kr. 14.100.000 í rekstrarstyrki og kr. 15.000.000 í verkefnastyki. Rekstrarstyrkur til héraðsskjalasafna sem höfðu eitt stöðugildi eða meira var árið 2016 kr. 856.072 og fyrir héraðsskjalasöfn sem hafa minna en eitt stöðugildi kr. 352.500. Á árinu 2016 fengu 11 héraðsskjalasöfn úthlutað verkefnastykjum. Hæsti einstaki styrkurinn var kr. 3.600.000 og sá lægsti kr. 120.000. Héraðsskjalasöfnum sem fengu úthlutað verkefnastykjum tókst ekki öllum að ljúka verkefnum sem þau fengu styrkina í og þess vegna var héraðsskjalasöfnum aðeins borgað út kr. 12.274.000 af kr. 15.000.000 á árinu 2016.

Alls nema styrkir til héraðsskjalasafna 6% af rekstrarkostnaði þeirra. Misjafnt er eftir héraðsskjalasöfnum hversu hátt hlutfall styrkja er af rekstrarkostnaði. Þannig voru styrkir frá Þjóðskjalasafni Íslands 27% af rekstrarkostnaði Héraðsskjalasafns Vestmannaeyja sem var hæsta hlutfall styrkja af rekstrarkostnaði árið 2016. Ástæðan er sú að árið 2016 fékk safnið verkefnastyrk upp á kr. 2.616.072 auk rekstrarstyrks upp á kr. 856.072. Hjá Héraðsskjalasafni Vestur-Húnavatnssýslu og Héraðsskjalasafni Kópavogs var hlutfall styrkja af rekstrarkostnaði aðeins 2% og var það lægsta hlutfallið.

4.1.9 Gefur safnið út ársskýrslu?




	Fjöldi	%
Já	13	65%
Nei	7	35%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Í 2. mgr. 12. gr. laga um opinber skjalasöfn er kveðið á um að rekstraraðilar héraðsskjalasafns skuli árlega skila til Þjóðskjalasafns skýrslu um starfsemina. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Flest héraðsskjalasöfn gefa út ársskýrslu eða 65% þeirra (13 héraðsskjalasöfn) en 35% (7 héraðsskjalasöfn) gera það ekki. Af þeim 13 héraðsskjalasöfnum sem gefa út ársskýrslu gefa 38% (5 héraðsskjalasöfn) hana út á rafrænu formi, 15% (2 héraðsskjalasöfn) prenta hana og 46% (6 héraðsskjalasöfn) gefa hana bæði út á rafrænu formi og prentuðu.

Af þeim 13 héraðsskjalasöfnum sem gefa út ársskýrslu eru aðeins sex sem senda hana Þjóðskjalasafni Íslands, þrátt fyrir lagaákvæði þar um. Því er aðeins 30% héraðsskjalasafna sem uppfylla þetta ákvæði laganna.

4.1.10 Er til stofnsamþykkt fyrir héraðsskjalasafnið?



	Fjöldi	%
Já	17	85%
Nei	3	15%
Alls	20	100%


Niðurstaða: Í stofnsamþykktum er yfirleitt getið um hlutverk héraðsskjalasafns og hvernig starfsemi og rekstri skuli háttað. Alls hafa 85% héraðsskjalasafna (17 héraðsskjalasöfn) stofnsamþykktir en 15% (3 héraðsskjalasöfn) hafa hana ekki. Óskað var eftir því að þau héraðsskjalasöfn sem hefðu stofnsamþykktir sendu þær sem fylgiskjöl með eftirlitskönnuninni. Aðeins sjö héraðsskjalasöfn sendu stofnsamþykkt eða 41% þeirra skjalasafna sem hafa stofnsamþykkt.

4.2 Húsnæði og skjalageymslur

Í 18. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um að opinber skjalasöfn skuli „tryggja örugga varðveislu skjala sem eru á ábyrgð þeirra, óháð formi þeirra“. Jafnframt segir í 1. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn að þess skuli gætt að fyrir hendi sé fullnægjandi húsnæði héraðsskjalasafna. Skjalageymslur opinberra skjalasafna þurfa að vera þannig úr garði gerðar að þær tryggi örugga varðveislu skjala og að þær lágmarki tjón sem getur orðið á skjölum.

Spurt var hvar höfuðstöðvar héraðsskjalasafnsins og skjalageymslur væru til húsa (spurning 2.1) og hvort það væri í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði (spurning 2.2). Jafnframt var spurt hvernig aðstaða væri fyrir starfsfólk og gesti (spurning 2.3). Spurt var um stærð húsnæðis héraðsskjalasafns, þ.e. um fermetrafjölda (spurning 2.4). Að lokum var spurt var hversu margir hillumetrar á héraðsskjalasafninu væru í notkun og hversu margir væru lausir (spurning 2.5), hvort að skjöl væru varðveitt á annan hátt en í hillum, t.d. á vörubrettum (spurning 2.6), hvort að héraðsskjalavörður teldi þörf á auknu geymsluplássi fyrir safnkost innan fimm ára (spurning 2.7) og hvort að skjalageymslur héraðsskjalasafns tryggðu varðveislu og öryggi safnkosts að mati héraðsskjalavarðar (spurning 2.8).

4.2.1 Húsnæði héraðsskjalasafna




	Fjöldi	%
Leiguhúsnæði	8	40%
Eigið húsnæði	11	55%
Leiguhúsnæði og eigið húsnæði	1	5%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Meirihluti héraðsskjalasafna (55% eða 11 héraðsskjalasöfn) starfar í eigin húsnæði, 40% (8 héraðsskjalasöfn) er í leiguhúsnæði og 5% (eitt héraðsskjalasafn) er bæði í eigin húsnæði og í leiguhúsnæði. Leiguhúsnæði héraðsskjalasafns er oftast leigt af opinberum aðila, langoftast er um að ræða svokallaða innri leigu sem greidd er til þess sveitarfélags sem er eigandi héraðsskjalasafnsins eða á hlut í því. Eitt héraðsskjalasafn er bæði í eigin húsnæði og leiguhúsnæði og helgast það af því að starfsemin er á tveimur stöðum, höfuðstöðvar og svo skjalageymsla sem er í öðru húsnæði.

Öll hafa héraðsskjalasöfnin skjalageymslur í höfuðstöðvum sínum. Átta héraðsskjalasöfn hafa auk þess skjalageymslur utan höfuðstöðva.


4.2.2 Hvernig er aðstaða fyrir starfsfólk og gesti?



Niðurstaða: Spurt hvernig aðstaða væri fyrir starfsfólk og gesti. Tilgangurinn var að afla upplýsinga vinnuumhverfi starfsfólks á héraðsskjalasöfnunum og aðstöðu fyrir gesti. Í úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna árið 2008 var líka spurt að þessu.⁶ Hjá 35% héraðsskjalasafna (7 héraðsskjalasöfn) var sameiginlegt rými fyrir vinnuaðstöðu, skrifstofu og gesti. Jafnmörg héraðsskjalasöfn höfðu sameiginlegt rými fyrir vinnuaðstöðu og skrifstofu en sérstakt rými fyrir gesti. 25% (5 héraðsskjalasöfn) voru með rými fyrir vinnuaðstöðu, skrifstofu og gesti aðskilið og 5% (1 héraðsskjalasafn) hafði sameiginlegt rými fyrir skrifstofu og gesti og sérstakt rými fyrir vinnuaðstöðu. Niðurstöðurnar sýna að lítið hefur breyst frá árinu 2008 er varðar skipan húsnæðismála.

⁶ Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð, bls. 11.

4.2.3 Hver er fermetrafjöldi húsnæðis héraðsskjalasafns?




	Fermetrar	%
Almenn vinnuaðstaða	851	14%
Skrifstofa	614	10%
Geymslur	3.729	60%
Lestrarsalur	1.055	17%
Samtals	6.249	100%

Niðurstaða: Samtals telur húsnæði allra héraðsskjalasafna 6.249 fermetra. Þar af fara 3.729 fermetrar undir geymslur eða 60% af húsnæðinu. 1.055 fermetrar (17% af húsnæði) fara undir lestrarsal, 14% undir almenna vinnuaðstöðu (14% af húsnæði) og 614 fermetrar undir skrifstofuhúsnæði (10% af húsnæði).


Húsnæði héraðsskjalasafnanna endurspeglar stærðarmun þeirra. Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur yfir mestu húsnæði að ráða eða alls 2.300 fermetrum sem er 37% af öllu húsnæði héraðsskjalasafna á landinu. Minnsta húsnæðið hefur Héraðsskjalasafn Dalasýslu eða 22 fermetra. Þannig er húsnæði stærsta héraðsskjalasafnsins meira en 100 sinnum stærra en þess minnsta. Meðalstærð húsnæðis héraðsskjalasafns var 312 fermetrar. Ef Borgarskjalasafn Reykjavíkur, sem er í langstærsta húsnæðinu, er undanskilið er meðalstærð húsnæðis héraðsskjalasafns 197 fermetrar.

Fermetrar húsnæðis héraðsskjalasafna



Mikill munur getur verið á hvernig fermetramir skiptast á milli einstakra héraðsskjalasafna. Þannig er aðeins 6% af húsnæði Héraðsskjalasafns Vestur-Húnavatnssýslu í geymslur á meðan 82% fara undir geymslur hjá Héraðsskjalasafninu Neskaupstað. Engir fermetrar eru teknir undir lestrarsal hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga á meðan 85% fer undir lestrarsal hjá Héraðsskjalasafni Vestur-Húnavatnssýslu.


4.2.4 Hversu margir hillumetrar eru í notkun og hversu margir hillumetrar eru lausir?



	Fjöldi	%
Hillumetrar í notkun	20.942	86%
Lausir hillumetrar	3.401	14%
Alls	24.344	100%


Niðurstaða: Samtals eru tæplega 21.000 hillumetrar í notkun hjá héraðsskjalasöfnunum. Lausir hillumetrar í hillum héraðsskjalasafna eru rúmlega 3.400. Flestir hillumetrar eru í notkun hjá stærsta héraðsskjalasafninu, Borgarskjalasafni Reykjavíkur, samtals 10.100. Fæstir hillumetrar í notkun eru hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu eða 60 hillumetrar. Héraðsskjalasafnið á Akureyri er það safn sem hefur flesta lausa hillumetra eða 670 en tvö héraðsskjalasöfn hafa ekkert laust hillupláss (Héraðsskjalasafn Dalasýslu og Héraðsskjalasafnið Ísafirði).

Fjöldi hillumetra í notkun og fjöldi lausra hillumetra



Einnig var spurt hvort að héraðsskjalasafn geymdi skjöl á annan hátt en í hillum, t.d. á vörubrettum. Alls svöruðu fjögur héraðsskjalasöfn því til að varðveita skjöl á annan hátt en í hillum. Um var að ræða skjöl á vörubrettum og jafnvel í kössum á gólfí eða í bráðabirgðahillum. Ekkert safnanna gat gefið upp nákvæmar tölur um magn þessara skjala þar sem yfirlit skorti.


4.2.5 Telur héraðsskjalavörður að þörf sé á auknu geymsluplássi fyrir safnkost innan fimm ára?



	Fjöldi	%
Já	14	70%
Nei	6	30%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Alls töldu 70% héraðsskjalavarda (14 héraðsskjalaverðir) að þörf væri á auknu geymsluplássi næstu fimm árin en 30% þeirra (6 héraðsskjalaverðir) töldu svo ekki vera. 11 héraðsskjalaverðir gáfu upp hversu marga hillumetra þeir töldu þörf á næstu fimm árin. Alls gáfu þeir upp að þörf á aukningu væri um 4.700 hillumetrar næstu fimm ár. Miðað við að 20.278 hillumetrar voru í notkun árið 2016 (sjá kafla 4.7.1) telja héraðsskjalaverðir þörf á aukningu á hilluplássi um 23% á næstu fimm árum. Þannig áætla héraðsskjalaverðirnir 11 að samtals muni um 940 hillumetrar bætast við safnkost héraðsskjalasafnanna árlega til ársins 2021. Til samanburðar má geta þess að árleg aukning safnkosts 18 af 20 héraðsskjalasöfnum árið 2016 var 583 hillumetrar (sjá kafla 4.7.3).

4.2.6 Tryggja skjalageymslur að mati héraðsskjalavardar varðveislu og öryggi safnkosts?



	Fjöldi	%
Já	18	90%
Nei	2	10%
Alls	20	100%


Niðurstaða: Alls töldu 90% héraðsskjalavarda (18 héraðsskjalaverðir) að geymslur safna þeirra tryggðu varðveislu og öryggi safnkosts. 10% (2 héraðsskjalaverðir) töldu að skjalageymslurnar gerðu það ekki. Skjalageymslur héraðsskjalasafna tryggja almennt varðveislu og öryggi safnkosts. Á nokkrum stöðum vantar hita- og rakastýringu í geymslurnar og auka má öryggi í fjargeymslum safnanna.

4.3 Öryggisafritun og neyðaráætlanir

Í 18. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn segir að mikilvægustu skjöl safnanna skuli vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og eintak afritanna varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra. Neyðaráætlanir og afritun mikilvægra skjala eru þáttur í að tryggja varðveislu safnkostsins.

Spurt var hvort að mat á skjölum með tilliti til hamfara hefði farið fram, þ.e. hvaða skjöl þyrfti að flytja og þá hvert ef slíkt kæmi upp (spurning 3.1). Einnig var spurt hvort að til staðar væri neyðaráætlun á héraðsskjalasafninu, þ.e. hvernig skuli bregðast við ef hamfarir verða (spurning 3.2). Þá var jafnframt spurt hvort að afritun mikilvægra skjala hefði farið fram og hvernig afritin væru varðveitt (spurning 3.3)


4.3.1 Hefur mat á skjölum m.t.t. hamfara farið fram, þ.e. hvaða skjöl þarf að flytja og þá hvert?



	Fjöldi	%
Já	3	15%
Nei	17	85%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Með mati á skjölum með tilliti til hamfara er átt við hvort að metið hafi verið hvaða skjöl eða skjalasöfn skuli flytja ef hamfarir verða og hvert skuli flytja þau. 15% héraðsskjalasafna (3 héraðsskjalasöfn) hafa framkvæmt slíkt mat en 85% (17 héraðsskjalasöfn) hafa ekki gert það. Brýnt er að héraðsskjalasöfn láti gera slíkt mat í ljósi þess hve líklegt er að náttúruhamfarir geta valdið miklu tjóni á Íslandi (eldgos, jarðskjálftar og flóð).


4.3.2 Er til staðar neyðaráætlun, þ.e. hvernig skuli bregðast við ef hamfarir verða?



	Fjöldi	%
Já	6	30%
Nei	14	70%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 30% héraðsskjalasafna (6 héraðsskjalasöfn) höfðu til staðar neyðaráætlun um hvernig skuli bregðast við ef hamfarir verða en 70% (14 héraðsskjalasöfn) ekki. Það eru heldur fleiri söfn en höfðu gert mat á skjölum með tilliti til hamfara (spurning 4.3.2). Neyðaráætlanir þeirra sex héraðsskjalasafna sem höfðu slíka áætlun voru allar uppfærðar reglulega, þær voru geymdar á sýnilegum stað og höfðu verið kynntar starfsfólki. Hins vegar var mismunandi hvort að viðbragðsaðilum, þ.e. lögreglu, slökkviliði og björgunaraðilum, hafi verið kynnt neyðaráætlunin. Aðeins þrjú af þeim sex héraðsskjalasöfnum sem höfðu slíkar áætlanir höfðu gert það. Innihald neyðaráætlanna var jafnframt misjafnt. Þannig tók neyðaráætlun Héraðsskjalasafnsins á Akureyri aðeins til rýmingar fólks vegna eldsvoða á meðan neyðaráætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga var umfangsmeiri og tók til náttúruhamfara, vatnstjóns og flóða, rafmangsléysi, innbrota, þjófnaðar og árása og eldsvoða og í henni var jafnframt rýmingaráætlun vegna tjóns. Þá var á nokkrum stöðum til staðar neyðaráætlun sem náði yfir fleiri en eitt safn sem voru í sama húsi, t.d. byggðasafn, bókasafn og héraðsskjalasafn. Líklegt er að slíkar neyðaráætlanir hafi orðið til vegna kröfu um neyðaráætlanir í reglugerð um viðurkenningu safna og að héraðsskjalasöfn og bókasöfn í sama húsi hafi notið þess.

4.3.3 Hefur afritun mikilvægra skjala, m.t.t. hamfara, farið fram?



	Fjöldi	%
Já	6	30%
Nei	14	70%
Alls	20	100%


Niðurstaða: Aðeins 30% héraðsskjalasafna (6 héraðsskjalasöfn) hafa afritað mikilvæg skjöl í safnkostinum með tilliti til hamfara en 70% (14 héraðsskjalasöfn) hafa ekki gert það. Fimm héraðsskjalasöfn höfðu afritað mikilvæg skjöl voru öll með afritin á rafrænu formi en eitt héraðsskjalasafn var einnig með þau á pappír. Öryggisafritin voru vistuð utan allra safnanna eins og kveðið er á um í lögnum en þrjú þeirra höfðu einnig afrit innan safnanna.

4.4 Afhendingarskrá

Opinber skjalasöfn eiga skv. 2. tl. 1. mgr. 13. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið. Aðfangabók eða afhendingarskrá er skrá sem opinber skjalasöfn halda til að hafa yfirlit yfir afhendingar til safnsins og safnkostinn. Í 9. gr. reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 segir héraðsskjalavörður skuli halda aðfangabók og skrá í hana jafnóðum og skjöl berast safninu.

Spurt var hvort haldin væri aðfangabók eða afhendingarskrá, hvaða upplýsingar vær þar skráðar ef svo væri, hvernig hún væri færð og hvernig hún væri varðveitt (spurning 4.1).

4.4.1 Er haldin aðfangabók/afhendingarskrá?




	Fjöldi	%
Já	19	95%
Nei	1	5%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Öll héraðsskjalasöfnin nema eitt halda aðfangabók/afhendingarskrá. Aðeins Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu heldur ekki aðfangabók/afhendingarskrá. Aðfangabók/afhendingarskrá er lykilskrá í starfsemi skjalasafna og er þar að finna nauðsynlegt yfirlit yfir afhendingar og safnkost hvers safns. Í afhendingarskrá eru skráðar upplýsingar um hverja afhendingu til safnsins. Þessi upprunaskráning er lyklatríði fyrir rannsóknarhagsmuni fræðimanna og annarra. Í könnun á starfsemi héraðsskjalasafna árið 2008 kom fram að 80% (16 héraðsskjalasöfn) héldu


aðfangabók/afhendingarskrá en 20% þeirra (4 héraðsskjalasöfn) gerðu það ekki.⁷ Því hefur héraðsskjalasöfnum sem ekki halda aðfangabók/afhendingarskrá fækkað um þrjú á milli árunna 2008 og 2016 sem er jákvæð þróun.

Þau héraðsskjalasöfn sem héldu aðfangabók/afhendingarskrá voru spurð hvaða upplýsingar væru skráðar í hana. Öll héraðsskjalasöfn skrá upplýsingar um afhendingaraðila, heiti skjalasafns sem berst safninu og dagsetningu viðtöku skjalanna. 95% héraðsskjalasafna (18 héraðsskjalasöfn) sem halda aðfangabók/afhendingarskrá skrá innihald skjalanna og tímabil sem skjölin ná yfir, 84% (16 héraðsskjalasöfn) skrá upplýsingar um umfang afhendingar og 79% (15 héraðsskjalasöfn) skrá upplýsingar um form skjalanna, þ.e. hvort skjölin eru á pappír eða rafrænu formi. Auk þess skráðu nokkur héraðsskjalasöfn aðrar upplýsingar, s.s. hvort að skjölin væru einkaskjalasöfn eða opinber skjalasöfn og afhendingarnúmer.

Upplýsingar sem skráðar eru í aðfangabók/afhendingarskrá



4.4.2 Hvernig er aðfangabók/afhendingarskrá færð?



	Fjöldi	%
Rafræn skrá	12	63%
Handfærð bók	7	37%
Alls	19	100%

Niðurstaða: Jafnframt var spurt hvort aðfangabókin/afhendingarskráin væri færð í rafræna skrá eða í handfærða bók. Flest héraðsskjalasöfnin færa aðfangabók/afhendingarskrá í rafræna skrá eða 63% (12 héraðsskjalasöfn) en 37% (7 héraðsskjalasöfn) færa hana í handfærða bók. Öll söfnin sem færðu upplýsingar um afhendingar í rafræna skrá nema eitt notuðu gagnagrunnsforritið FileMaker til að halda utan um afhendingar til safnanna. Eitt safn notaði töflureikniforritið Excel.


⁷ Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð, bls. 14.

4.5 Skráning og frágangur pappírsskjalasafna

Opinber skjalasöfn eiga skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skrá og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið. Reglur nr. 573/2015 gilda um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila.

Spurt var hvort að skjöl væru skráð skv. upprunareglu sem er grunnregla í allri skjalavörslu (spurning 5.1). Þá var spurt um hvaða upplýsingar kæmu fram við skráningu í geymsluskrá sbr. reglur nr. 573/2015, hvort væri gerð skýrsla eða greinargerð um varðveitt skjalasöfn (spurning 5.3) og hvaða upplýsingar kæmu fram í henni (spurning 5.4), hvaða hugbúnaður væri notaður við skjalaskráningu (spurning 5.5), hvernig umbúðir væru notaðar utan um skjöl (spurning 5.6) og hvort unnið væri að forvörslu og viðgerðum á skjölum (spurning 5.7) og ef svo væri hvernig væri staðið að henni (spurning 5.8).


4.5.1 Eru skjöl skráð skv. upprunareglu?



	Fjöldi	%
Já	19	95%
Nei	1	5%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Upprunareglan er sú regla sem höfð er til grundvallar og unnið er eftir við meðferð og frágang skjalasafna. Hún felur í sér að hverju skjalasafni er haldið aðgreindu frá öðrum söfnum og upprunalegri röðun skjalanna er haldið óbreyttri, en þeim ekki rætt að nýju eftir einhverju öðru kerfi. Öll héraðsskjalasöfnin nema nema eitt skrá skjöl skv. upprunareglunni. Árið 2008 voru fjögur héraðsskjalasöfn sem skráðu ekki skv. upprunareglunni.⁸ Söfnum sem halda í heiðri þessari grundvallarreglu allar skjalavörslu fjölgar um þrjú milli ára 2008 og 2016.

4.5.2 Er stuðst við staðla Alþjóða skjalaráðsins við skráningu skjalasafna (ISAD(G), ISAAR (CPF))?




	Fjöldi	%
Já	17	85%
Nei	3	15%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Alþjóða skjalaráðið (International Council on Archives) hefur gefið út staðla um skráningu skjalasafna og byggja flest skjalasöfn heimsins skráningu á sínum safnkosti á þeim. Helstu staðlarnir eru *ISAD(G): General International Standard Archival Description* um skráningu skjalasafna og *ISAAR (CPF): International Standard Archival Authority Record for Corporate Bodies, Persons and Families* um skráningu upplýsinga um skjalamyndara. Alls svöruðu 85% héraðsskjalasafna (17 héraðsskjalasöfn) því að þau styddust við staðla Alþjóða skjalaráðsins við skráningu skjalasafna en 15% safnanna (3 héraðsskjalasöfn) gera það ekki.

⁸ Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð, bls. 15.


4.5.3 Uppfyllir skráning skjalasafn reglur nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila?



	Fjöldi	%
Skráning uppfyllir reglur nr. 573/2015	17	85%
Skráning uppfyllir ekki reglur nr. 573/2015	3	15%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Spurt var hvaða upplýsingar héraðsskjalasöfn skráðu skv. reglum nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila. Samkvæmt svörum safnanna uppfylltu 85% (17 héraðsskjalasöfn) reglur nr. 573/2015 en 15% (3 héraðsskjalasöfn) ekki. Hins vegar kom í ljós við yfirferð á geymsluskrám frá þeim 13 héraðsskjalasöfnum sem sendu inn afrit þeirra sem fylgiskjöl með könnuninni að aðeins 31% (4 héraðsskjalasöfn) af þeim uppfyllti í raun reglurnar en 69% þeirra (9 héraðsskjalasöfn) ekki. Helst vantaði upp á að skráð væri afhendingarár og arkarnúmer í skjalaskrárnar.


4.5.4 Er gerð skýrsla eða greinargerð um frágang og skráningu á hverju skjalasafni?



	Fjöldi	%
Já	10	50%
Nei	10	50%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Helmingur héraðsskjalasafna (10 héraðsskjalasöfn) gerir skýrslu eða greinargerð um frágang og skráningu á hverju skjalasafni. Öll tíu héraðsskjalasöfnin skrá upplýsingar um skjalamyndara, skjalaflokka, ástand skjalasafnsins og hver skráir skjalasafnið í skýrsluna en aðeins fimm þeirra skrá upplýsingar um vinnufyrirkomulag við frágang og skráningu.

4.5.5 Hvaða hugbúnaður er notaður við skjalaskráningu?




	Fjöldi	%
FileMaker	18	90%
Word	9	45%
Excel	8	40%
Handfærð skrá	5	25%
Annað	3	15%

Niðurstaða: Spurt var um hvernig hugbúnaður væri notaður við skjalaskráningu. Langflest héraðsskjalasöfn, eða 90% (18 héraðsskjalasöfn) nota hugbúnaðinn FileMaker við skjalaskráningu, 45% (9 héraðsskjalasöfn) nota jafnframt ritvinnsluforritið Word, 40% (8 héraðsskjalasöfn) töflureikniforritið Excel, 25% (5 héraðsskjalasöfn) eru með handfærðar skrár á pappír og 15% (3 héraðsskjalasöfn) nota annars konar hugbúnað. Þau þrjú héraðsskjalasöfn sem

merktu við annað nota öll skjalaskráningarhubúnaðinn Atom. Héraðsskjalasöfnin sem sögðust nota ritvinnsluforritið Word við skjalaskráningu gáfu flest þá skýringu að það væri notað til að rita skýrslur eða greinargerðir en ekki við skráninguna sjálfa. Mælt er til þess að ekki sé notað ritvinnsluforrit við skjalaskráningu heldur dálkaskipt gagnagrunnsforrit til þess að tryggja betur leitarbærni. Dæmi um dálkaskipt gagnagrunnsforrit sem notuð eru á opinberum skjalasöfnum eru FileMaker, Excel og Atom.

4.5.6 Hvernig umbúðir eru notaðar við frágang pappírsskjalasafna?

Umbúðir sem uppfylla ekki staðalinn ISO-9706, 0%




Umbúðir sem uppfylla staðalinn ISO-9706, 100%

	Fjöldi	%
Umbúðir sem uppfylla staðalinn ISO-9706	20	100%
Umbúðir sem uppfylla ekki staðalinn ISO-9706	0	0%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Öll héraðsskjalasöfnin 20 nota umbúðir sem uppfylla staðalinn ISO-9706 sem tryggir varðveislu pappírsskjala til lengri tíma. Umbúðirnar voru flestar keyptar af Þjóðskjalasafni Íslands eða frá Klug í Þýskalandi.

4.5.7 Er unnið að forvörslu og viðgerðum á skjölum á héraðsskjalasafninu?



Nei, 90%

	Fjöldi	%
Já	2	10%
Nei	18	90%
Alls	20	100%


Niðurstaða: Aðeins 10% héraðsskjalasafna (2 héraðsskjalasöfn) vinna að forvörslu og viðgerðum á skjölum á héraðsskjalasafninu en 90% (18 héraðsskjalasöfn) gera það ekki. Um er að ræða mjög einfaldar aðferðir við þrif með penslum, bursta eða lofti, pressu og frostþurrkun eftir því sem við á ásamt fyrirbyggjandi forvörslu. Það er afar mikilvægt að hér verði bætt úr og að öll héraðsskjalasöfn beiti aðferðum forvörslu í starfi sínu enda er það nauðsynlegt til viðhalds safnkostinum.

4.6 Aðgengi að skjalaskrárm

Opinber skjalasöfn skulu skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn hafa skrár og upplýsingar til reiðu fyrir þá sem vilja nota safnkostinn.

Spurt var um hvernig aðgengi notenda væri að skjalaskrárm safnsins (spurning 6.1) og hvort að tekið væri öryggisafrit af skjalaskrárm (spurning 6.2).


4.6.1 Hvernig er aðgengi notenda að skjalaskrá?m?



	Fjöldi	%
Skjalaskrár eru aðgengilegar á vef	10	50%
Skjalaskrár eru aðgengilegar útprintaðar á lestrarsal	10	50%
Skjalaskrár eru gefnar út á prenti	2	10%
Skjalaskrár eru ekki aðgengilegar notendum	4	20%

Niðurstaða: Hjá 20% héraðsskjalasafna (4 héraðsskjalasöfn) eru skjalaskrár ekki aðgengilegar notendum en lögum samkvæmt eiga þær að vera aðgengilegar fyrir þá sem vilja nota safnkostinn. 80% héraðsskjalasafna (16 héraðsskjalasöfn) eru því með skjalaskrár aðgengilegar fyrir notendur og eru þær ýmist aðgengilegar á vef, útprintaðar á lestrarsal safnsins eða að þær hafa verið gefnar út á prenti.

4.6.2 Eru tekin öryggisafrit af skjalaskrá?m?



	Fjöldi	%
Já	18	90%
Nei	2	10%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Alls eru 90% héraðsskjalasafna (18 héraðsskjalasöfn) sem taka öryggisafrit af skjalaskrá?m en 10% (2 héraðsskjalasöfn) ekki. Af þeim sem taka öryggisafrit eru öll sem hafa afritin á rafrænu formi auk fjögurra safna sem hafa einnig öryggisafrit af skjalaskrá?m á pappír. Alls vista 15 héraðsskjalasöfn af 18 öryggisafritin utan safns en þrjú héraðsskjalasöfn eingöngu innan safnsins. Mikilvægt er að öryggisafrit séu tekin reglulega og vistuð utanhúss svo að upplýsingar tapist ekki ef tjón verður.


4.7 Safnkostur

Opinber skjalasöfn eiga skv. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að „taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi“. Þá skulu opinber skjalasöfn skv. 6. tl. sömu greinar laganna „leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist“.

Spurt var hver heildarsafnkostur pappírsskjalasafna væri í hillumetrum og þar af hver væri hillumetrar einkaskjalasafna annars vegar og afhendingarskyldra aðila hins vegar (spurning 7.1). Einnig var spurt um hver væri fjöldi hillumetra af fullskráðum pappírsskjalasöfnum (spurning 7.2), hver væri fjöldi hillumetra grófskráðra pappírsskjalasafna (spurning 7.3) og hver væri fjöldi hillumetra óskráðra og ófrágenginna pappírsskjalasafna (spurning 7.4). Þá var spurt um heildarfjölda og heildarhillumetra árlegra afhendinga til héraðsskjalasafnsins árin 2014, 2015 og 2016 (spurningar 7.5-

7.7). Þá var spurt um viðtöku og varðveslu á rafrænum gögnum. Spurt var hvort að héraðsskjalasafnið tæki til varðveislu rafræn gögn og ef svo væri hvernig gögnin væru varðveitt og fjöldi og umfang árlegra afhendinga 2014, 2015 og 2016. Ef héraðsskjalasafnið svaraði að það tæki ekki til varðveislu rafræn gögn var spurt hvenær það hygðist byrja að taka við rafrænum gögnum til varðveislu (spurning 7.8). Að lokum var spurt hvort að héraðsskjalasafnið starfaði eftir samþykktri aðfangastefnu um söfnun og varðveislu einkaskjalasafna og ef svo væri hvar hana væri að finna, hvenær hún hefði verið samþykkt og hverjir hefðu samþykkt hana (spurning 7.9).


4.7.1 Hver er heildarsafnkostur pappírsskjalasafna í hillumetrum?



	Hm.	%
Skjalasöfn afhendingarskyldra aðila	15.227	75%
Einkaskjalasöfn	5.051	25%
Alls	20.278	100%


Niðurstaða: Alls varðveita héraðsskjalasöfnin 20.278 hillumetra af skjölum.⁹ Af heildarsafnkostinum er 15.227 hillumetrar eða 75% frá afhendingarskyldum aðilum. 5.051 hillumetri eða 25% eru skjalasöfn einkaaðila, einkaskjalasöfn. Afar misjafnt er hversu margir hillumetrar eru varðveitt á hverju héraðsskjalasafni. Þannig varðveittir Borgarskjalasafn Reykjavíkur 10.100 hillumetra sem er 50% af heildarsafnkosti allra héraðsskjalasafna á landinu. Fæstir hillumetrar eru varðveittir á Héraðsskjalasafni Dalasýslu eða 62 hillumetrar sem gera um 0,3% af heildarsafnkosti allra héraðsskjalasafnanna. Safnkostur stærsta héraðsskjalasafnsins er því 163 sinnum stærri en þessi minnsta. Að meðaltali eru varðveittir 1.014 hillumetrar á hverju héraðsskjalasafni. Ef Borgarskjalasafn Reykjavíkur, sem er lang stærsta héraðsskjalasafnið, er ekki reiknað með eru að meðaltali varðveittir um 536 hillumetrar á hverju héraðsskjalasafni.

Hillumetrar á héraðsskjalasöfnum.



⁹ Sá fyrirvari er settur að hjá fimm héraðsskjalasöfnum stemmdi uppgefinn heildarsafnkostur ekki við samtölu hillumetra skjalasafna afhendingarskyldra aðila og einkaskjalasafna sem nemur um 625 fleiri hillumetrum.

4.7.2 Hver er fjöldi heildarhillumetra fullskráðra, grófskráðra og óskráðra pappírsskjalasafna?




	Hm.	%
Fullskráð	15.166	79%
Grófskráð	1.468	8%
Óskráð og ófrágengin	2.437	13%
Alls	19.071¹⁰	100%

Niðurstaða: Samtals er 79% af safnkosti héraðsskjalasafna fullskráður en með fullskráningu er átt við að gengið sé frá skjölum og þau skráð skv. reglum nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila. 8% safnkostsins er grófskráður en með grófskráningu er t.d. átt við að lágsta skráningarstig sé innihald einnar öskju, þannig geta upplýsingar um innihald hvernar öskju verið að finna í afhendingarskrá, skjalaskrá eða í öðrum gögnum safnsins. Alls er 13% af safnkostinum óskráður og ófrágenginn en með því er átt við að skjalasafnið hefur ekki verið komið fyrir í skjalaumbúðum og innihald hvernar öskju er ekki skráð.


4.7.3 Hvernig hafa árlegar afhendingar pappírsskjalasafna verið árið 2016?

Ár	Hillumetrar afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum	Hillumetrar afhendinga frá einkaaðilum	Samtals hillumetrar
2014	445	168	613
2015	377	303	679
2016	387	196	583




¹⁰ Uppgefin heildartala um fullskráð, grófskráð og óskráð og ófrágengin skjalasöfn á héraðsskjalasöfnum stemmir ekki við uppgöfnum heildarsafnkost héraðsskjalasafna, sjá kafla 4.7.1.

	Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum	Fjöldi afhendinga fra einkaaðilum	Samtals fjöldi afhendinga
2014	258	471	729
2015	280	555	835
2016	295	601	896



Niðurstaða: 18 af 20 héraðsskjalasöfnum gáfu upp fjölda afhendinga og hillumetra á árunum 2014–2016. Að meðaltali voru árlega afhentir 625 hillumetrar á héraðsskjalasöfnin á þessu tímabili í 820 afhendingum. Að meðaltali hefur hver afhending talið 0,8 hillumetra að umfangi. Árleg aðföng á hvert héraðsskjalasafn er mjög mismikil. Þannig tók Héraðsskjalasafnið á Akureyri við 133 afhendingum árið 2016 sem voru flestar afhendingar á eitt safn á tímabilinu á meðan Héraðsskjalasafnið Neskaupstað tók við 12 afhendingum sama ár. Héraðsskjalasafnið á Akureyri tók við 185 hillumetrum árið 2015 en á sama tíma tók Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu við 1,2 hillumetra.

4.7.4 Tekur héraðsskjalasafnið við rafrænum gögnum til varðveislu?



	Fjöldi	%
Já	11	55%
Nei	9	45%
Samtals	20	100%

Niðurstaða: 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) taka rafræn gögn til varðveislu en 45% gera það ekki. Öll héraðsskjalasöfnin sem taka við rafrænum gögnum til varðveislu varðveita gögnin á því formi sem þau voru afhent á en ekki skv. reglum nr. 100/2014 um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila. Að sögn héraðsskjalavarða eru þau rafrænu gögn sem söfnin hafa tekið helst ljósmyndir en einnig önnur gögn. Aðeins eitt af þessum 11 héraðsskjalasöfnum hafði yfirlit yfir rafræn gögn sem það hafði tekið til varðveislu.


Opinberum skjalasöfnum, þ.m.t. héraðsskjalasöfnum, ber að tryggja varðveislu á öllum gögnum sem þeim berast, hvort sem þau eru á pappír eða rafrænu formi. Til þess að tryggja varðveislu rafrænna gagna þarf að koma gögnum í vörsluútgáfu sem uppfyllir reglur nr. 100/2014 sem eru núgildandi reglur um varðveislu rafrænna gagna. Að varðveita gögn á upprunalegu skráarsniði án þess að huga að langtímarvarðveislu þeirra leiðir til þess að gögnin verða óaðgengileg og varðveitast ekki til lengri tíma.

4.7.5 Hvenær hyggst héraðsskjalasafnið byrja að taka við rafrænum gögnum til varðveislu?

Niðurstaða: Spurt var hvenær héraðsskjalasafn hyggðist byrja að taka við rafrænum gögnum til varðveislu. Hér er ekki átt við viðtöku á rafrænum gögnum á upprunalegu skráarsniði heldur viðtöku á rafrænum opinberum gögnum í vörsluútgáfu samkvæmt reglum þar um. Ekkert héraðsskjalasafn svaraði því ákveðið hvenær það hyggðist fara að taka við rafrænum gögnum til varðveislu og engar áætlanir um slíkt virtust liggja fyrir. Frá því að könnunin var gerð í byrjun árs 2017 hefur eitt héraðsskjalasafn, Borgarskjalasafn Reykjavíkur, hafið vinnu við varðveislu rafrænna gagna.

Reglur um rafræn opinber gögn og skil á þeim tóku gildi árið 2010 með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um er að ræða reglusett sem samanstendur af þremur reglum, þ.e. um tilkynningu rafrænna gagnakerfa og skráa (nr. 625/2010), um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukerfa (nr. 623/2010) og um afhendingu á vörsluútgáfum rafrænna gagna (nr. 100/2014, áður reglur nr. 626/2010). Með því er afhendingarskyldum aðilum gert skylt að tilkynna rafræn gagnakerfi til opinbers skjalasafns og afhenda gögnin á rafrænu formi til varðveislu. Opinber skjalasöfn hafa því frá árinu 2010 átt að sinna þessu verkefni og hefðu þurft að koma sér upp aðstöðu og sérþekkingu til slíkrar varðveislu. Rétt er að benda á að skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn eiga afhendingarskyldir aðilar að afhenda opinberu skjalasafni skjöl og önnur gögn sín á rafrænu formi þegar þau eru ekki eldri en fimm ára gömul. Það er á ábyrgð opinberra skjalasafna, þ.m.t. héraðsskjalasafna, að heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum.

4.7.6 Starfar héraðsskjalasafnið eftir samþykkttri aðfangastefnu við söfnun og varðveislu einkaskjalasafna?



	Fjöldi	%
Já	5	25%
Nei	15	75%
Samtals	20	100%

Niðurstaða: Aðfangastefna hefur verið skilgreind sem stefnuyfirlýsing vörsluáðila um hvers konar skjöl eða skjalasöfn hún leitar eftir að fá til varðveislu. Í lögum um opinber skjalasöfn eru opinberir aðilar og lögaðilar sem sinna opinberum verkefnum skyldugir að afhenda opinberu skjalasafni skjöl sín til varðveislu. Að því leyti hefur aðfangastefna fyrir opinbera aðila verið mörkuð í lögum. Annað gildir um söfnun skjalasafna einkaaðila. Því var spurt hvort að héraðsskjalasafn starfaði eftir samþykkttri aðfangastefnu um söfnun og varðveislu einkaskjalasafna. Samtals eru 25% héraðsskjalasafna (5 héraðsskjalasöfn) sem starfa eftir samþykkttri aðfangastefnu en 75% þeirra (15 héraðsskjalasöfn) gera það ekki. Þau fimm héraðsskjalasöfn sem starfa eftir samþykkttri aðfangastefnu svöruðu því til að stefnan hefði ýmist verið samþykkt af héraðsskjalaverði, að hana sé að finna í stofnsamþykkt viðkomandi safns eða að hún hafi verið kynnt í stjórn safnsins.


4.8 Lestrarsalur og notkun safnkosts

Opinberum skjalasöfnum ber skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að skapa safngestum aðstöðu til að nota skjöl safnsins, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðiiðkana. Á lestrarsal eða lesstofu skjalasafna er safngestum m.a. sköpuð aðstaða til að nýta safnkostinn.

Spurt var hvort héraðsskjalasafnið hefði sérstaka aðstöðu, t.d. lestrarsal, fyrir safngesti til að skoða skjöl. Ef lestrarsalur var til staðar var spurt hversu mörg sæti eða pláss væru á lestrarsal fyrir gesti, hversu margar klukkustundir

lestrarsalurinn væri opinn á viku, hvort safnið hefði yfirlit yfir fjölda gesta á lestrarsal á árinu 2016 og ef svo væri hversu margir þeir hefðu verið. Þá var spurt hvort lestrarsalurinn væri samnýttur með öðrum og þá hverjum. Jafnframt var spurt hvort að það væri stöðug vakt á lestrarsal og ef ekki hvernig væri öryggi safnkosts tryggt á lestrarsal. Ef héraðsskjalasafn hafði ekki sérstakan lestrarsal var spurt hvernig aðstaða væri fyrir gesti til að skoða skjöl úr safnkostinum (spurning 8.1). Einnig var spurt hvort safnið hefði yfirlit yfir fjölda afgreiddra skjalaeininga til gesta safnsins á árinu 2016 og ef svo væri var spurt um fjölda (spurning 8.2). Þá var spurt um fjölda millisafnalána og lána til skjalamyndara á árinu 2016 (spurning 8.3). Spurt var hvort að héraðsskjalasafnið hefði yfirlit yfir fjölda lána sem safnið fékk frá öðrum vörslustofnunum (spurning 8.4). Að lokum var spurt um hvort að héraðsskjalasafnið hefði yfirlit yfir hversu mörgum fyrirspurnum safnið svaraði árið 2016 og ef svo væri var spurt um fjölda (spurning 8.5).

4.8.1 Hefur héraðsskjalasafnið sérstaka aðstöðu (t.d. lestrarsal) fyrir safngesti til að skoða skjöl úr safnkostinum?



Niðurstaða: Alls hafa 80% héraðsskjalasafna (16 héraðsskjalasöfn) sérstaka aðstöðu, t.d. lestrarsal, fyrir safngesti til að skoða skjöl úr safnkostinum en 20% safnanna (4 héraðsskjalasöfn) hafa ekki slíka aðstöðu. Þau héraðsskjalasöfn sem ekki höfðu sérstaka aðstöðu fyrir gesti svöruðu því til að gestir gætu fengið að skoða skjöl á skrifstofum starfsmanna, í fundarsal sveitarfélags sem er með skrifstofur á sama stað og safnið eða í aðstöðu sem önnur söfn, s.s. bókasöfn eða byggðasöfn, höfðu á sama stað. Af þeim 16 héraðsskjalasöfnum sem hafa sérstaka aðstöðu fyrir gesti nýtir helmingur þeirra aðstöðuna með öðrum, þ.e. öðrum söfnum í safnahúsi þegar aðstaða býður upp á slíkt.


	Fjöldi	%
Já	16	80%
Nei	4	20%
Alls	20	100%

Misjafnt var hvernig aðstaða var fyrir gesti hjá þeim 16 héraðsskjalasöfnum sem hafa sérstaka aðstöðu fyrir þá. Sæti á lestrarsölum fyrir gesti voru frá tveimur upp í 13. Þá var opnunartími lestrarsala einnig misjafn. Stystur var hann sex klukkustundir á viku á Héraðsskjalasafni Akraness og lengstur 35 klukkustundir á Héraðsskjalasafni Vestmannaeyja. Að meðaltali var opnunartími lestrarsala hjá héraðsskjalasöfnum um 22 klukkustundir á viku.

Af þeim 16 héraðsskjalasöfnum sem höfðu sérstaka aðstöðu fyrir safngesti voru aðeins tíu héraðsskjalasöfn sem höfðu stöðuga vakt á lestrarsal. Stöðug vakt sé á lestrarsal meðan gestir eru þar lýtur bæði að þjónustu við gesti og að öryggiskjalanna Skjalasöfn eigi að tryggja að skjöl verði ekki fyrir illri umgengni, skemmdum, breytingum eða sé stolið. Þau sex héraðsskjalasöfn sem hafa sérstaka aðstöðu fyrir gesti og hafa ekki sérstaka vakt á lestrarsal svöruðu því til að öryggi safnkostsins væri tryggt með því að yfirfara hvað gestir hefðu verið að skoða þegar safnkosti væri skilað aftur í geymslur.

4.8.2 Hver er fjöldi gesta á lestrarsal á árinu 2016?

	Fjöldi
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	1509
Héraðsskjalasafn Árnesinga	826
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	752
Héraðsskjalasafnið Neskaupstað	150
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	127
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	48
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	48
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	30
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	26
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	25
Héraðsskjalasafn Akraness	5
	3.546



Niðurstaða: Af þeim 16 héraðsskjalasöfnum sem höfðu opinn lestrarsal fyrir gesti voru 11 sem höfðu yfirlit yfir fjölda gesta á árinu 2016. Samtals sóttu 3.546 gestir þessi 11 héraðsskjalasöfn heim á árinu 2016. Langflestir gestir komu á Borgarskjalasafn Reykjavíkur eða 1.509 sem er um 43% gesta þessara 11 héraðsskjalasafna. Fæstir gestir voru á Héraðsskjalasafni Akraness eða fimm.

4.8.3 Hver var fjöldi afgreiddra skjalaeininga til gesta safnsins / á lestrarsal á árinu 2016?

Niðurstaða: Aðeins 30% héraðsskjalasafna (6 héraðsskjalasöfn) höfðu yfirlit yfir fjölda afgreiddra skjalaeininga til gesta safnsins eða á lestrarsal á árinu 2016 en með einni skjalaeiningu er átt við t.d. öskju eða bók sem er afgreidd til notkunar á lestrarsal. Samtals afgreiddu þessi sex héraðsskjalasöfn 5.477 skjalaeiningar til gesta safnanna á árinu 2016. Mjög mikill munur var á milli héraðsskjalasafna á hversu margar skjalaeiningar voru afgreiddar. Þannig afgreiddi Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga 8 skjalaeiningar en Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2.834 skjalaeiningar.

4.8.4 Hver var fjöldi millisafnalána / lána til skjalamyndara á árinu 2016?

Niðurstaða: 70% héraðsskjalasafna (14 héraðsskjalasöfn) höfðu yfirlit yfir fjölda millisafnalána og lána til skjalamyndara. Samtals voru millisafnalán til annarra safna og lán til skjalamyndara 45 á árinu 2016. Misjafnt eru hversu mörg þau voru eða frá einu láni og upp í 18.

Eins var spurt um fjölda millisafnalána sem héraðsskjalasafn hefði fengið frá öðrum vörslustofnunum. Alls höfðu 75% héraðsskjalasafna (15 héraðsskjalasöfn) slíkt yfirlit. Fjöldi millisafnalána frá öðrum voru samtals 12 á árinu 2016, mest voru þau fjögur en fæst eitt.

4.8.5 Hversu mörgum fyrirspurnum var svarað skriflega árið 2016?


Niðurstaða: 70% héraðsskjalasafna (14 héraðsskjalasöfn) höfðu yfirlit yfir fjölda fyrirspurna sem var svarað skriflega árið 2016. Alls svöruðu þessi 14 héraðsskjalasöfn 2.305 skriflegum fyrirspurnum. Mikill munur var á hversu mörgum fyrirspurnum hvert héraðsskjalasafn svaraði. En það helgast af stærð safnkosts. Þannig svaraði Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar sjö fyrirspurnum en Borgarskjalasafn Reykjavíkur 1.151 fyrirspurn sem er helmingur allra svaraðra fyrirspurna hjá héraðsskjalasöfnunum. Að meðaltali svaraði því hvert héraðsskjalasafn um 165 skriflegum fyrirspurnum á árinu 2016. Ef Borgarskjalasafn er ekki talið með var meðaltalið 89 skriflegar fyrirspurnir á hvert héraðsskjalasafn.

4.9 Miðlun safnkostsins

Í 20. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um að opinber skjalasöfn skuli „vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningsi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra“. Miðlun safnkosts og fræðsla getur verið með sýningum, útgáfu á prenti, miðlun á vef, móttöku skólalópa og annarra hópa eða með öðrum hætti.

Spurt var hvort að héraðsskjalasafnið hefði sett upp sýningar, annað hvort á eigin vegum eða í samstarfi við aðra, ef svo var þá var spurt hvort safnið hefði yfirlit yfir fjölda sýninga árin 2014, 2015 og 2016 og gestafjölda (spurning 9.1). Þá var spurt hvort að héraðsskjalasafnið sinnti kynningum á safni og safnkosti gagnvart hópum og ef svo væri var spurt um fjölda gesta í hópum árið 2016 (spurning 9.2). Einnig var spurt hvort að héraðsskjalasafnið hefði tekið þátt í sýningum annars staðar en í eigin húsnæði árið 2016 og ef svo var var óskað eftir upplýsingum um hvaða sýningar það voru (spurning 9.3). Spurt var hvort að héraðsskjalasafnið hefði sérstaka vefsíðu og ef svo var var spurt um veffangið og upplýsingar um notkun á síðunni (spurning 9.4). Spurt var hvort að safnið ynni stafrænar endurgerðir af safnkostinum og ef svo væri hvernig hinar stafrænu endurgerðir væru unnar (spurning 9.5). Þá var spurt hvort að stafrænar endurgerðir úr safnkosti væru birtar á vefnum og ef svo væri hvernig þær væru birtar (spurning 9.6). Að lokum var spurt hvort að héraðsskjalasafnið gæfi út frumheimildir á prenti (spurning 9.7) og rannsóknir á prenti (spurning 9.8) og nánari upplýsingar um útgáfur.


4.9.1 Hefur héraðsskjalasafnið sett upp sýningar, annað hvort á eigin vegum eða í samstarfi við aðra?



	Fjöldi	%
Já	20	100%
Nei	0	0%
Alls	20	100%


Niðurstaða: Öll héraðsskjalasöfnin 20 hafa sett upp sýningar, annað hvort á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

Fjöldi sýninga 2014-2016



	Fjöldi sýninga	Fjöldi gesta
2014	26	8.383
2015	48	10.210
2016	37	2.248
Alls	111	20.841


Fjöldi gesta 2014-2016



Þegar spurt var hvort að til væri yfirlit yfir sýningar sem söfnin hefðu sett upp árin 2014-2016 höfðu 65% (13 héraðsskjalasöfn) yfirlit yfir árið 2014, 70% (14 héraðsskjalasöfn) yfirlit yfir árið 2015 og 85% (17 héraðsskjalasöfn) yfirlit yfir árið 2016. Á tímabilinu 2014-2016 settu héraðsskjalasöfnin, sem svöruðu, alls upp 111 sýningar og sóttu þær 20.841 gestur. Munar þar mestu að árið 2014 komu 8.000 gestir á sex sýningar Borgarskjalasafns og 10.000 gestir á 8 sýningar safnsins árið 2015.

Að auki höfðu átta héraðsskjalasöfn sett upp sýningar annarsstaðar en í eigin húsnæði árið 2016.


4.9.2 Sinnir héraðsskjalasafnið kynningum á safni og safnkosti gagnvart hópum (skólahópum og öðrum gestum)?



	Fjöldi	%
Já	16	80%
Nei	4	20%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 80% héraðsskjalasafna (16 héraðsskjalasöfn) sinna kynningum á safni og safnkosti gagnvart hópum, s.s. skólahópum og öðrum gestum með því að taka á móti hópum eða fara út fyrir safnið með kynningar. 31% þeirra (5 héraðsskjalasöfn) hafði yfirlit yfir fjölda hópa sem þau höfðu kynnt safnið fyrir.

Fjöldi nemenda og annarra gesta




	Fjöldi
Nemendur	502
Aðrir gestir	4385
Alls	4.887

Þau fimm héraðsskjalasöfn sem höfðu yfirlit yfir fjölda nemenda og annarra hópa tóku á móti 4.887 manns, þar af 502 nemendum og 4.385 öðrum gestum. Af þessum fjölda voru gestir Borgarskjalasafns Reykjavíkur 2.500 eða yfir helmingur allra gesta. Ef Borgarskjalasafn er undanskilið voru nemendur og aðrir gestir hinna fjögurra safnanna að meðaltali 597 talsins.

Rétt er að taka fram að fyrir utan tölur um fjölda nemenda og annarra gestahópa er fjöldi gesta á lestrasal safnanna, sjá kafla 4.8.2.


4.9.3 Hefur héraðsskjalasafnið sérstaka vefsíðu / vefsíður?



	Fjöldi	%
Já	14	70%
Nei	6	30%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 70% héraðsskjalasafna (14 héraðsskjalasöfn) hafa sérstakar vefsíður en 30% þeirra (6 héraðsskjalasöfn) hafa ekki eigin vefsíðu. Vefsíðurnar eru ýmist á lénnum safnanna sjálfra eða vefsíður á lénnum sveitarfélaga sem eru rekstraraðilar safnanna.

4.9.4 Vinnur héraðsskjalasafnið stafrænar endurgerðir af safnkostinum?




	Fjöldi	%
Já	16	80%
Nei	4	20%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Alls vinna 80% héraðsskjalasafna (16 héraðsskjalasöfn) stafrænar endurgerðir úr safnkostinum en 20% safna (4 héraðsskjalasöfn) gera það ekki. Þau héraðsskjalasöfn sem vinna stafrænar endurgerðir gera það með því að ljósmynda eða skanna skjöl. Tvö héraðsskjalasöfn skrá auk þess inn heimildir í gagnagrunn og þrjú vinna einnig stafrænar endurgerðir með því að skrifa upp skjöl.

Af þeim 16 héraðsskjalasöfnum sem vinna stafrænar endurgerðir höfðu tíu yfirlit yfir fjölda stafrænna endurgerða í lok árs 2016. Samtals var fjöldi stafrænna endurgerða á þessum söfnum 365.255 talsins. Afar misjafnt var hversu margar stafrænar endurgerðir voru á hverju safni. Á Héraðsskjalasafni Árnesinga voru rúmlega 135.000 stafrænar endurgerðir og á Borgarskjalasafni Reykjavíkur 140.000. Þessi tvö söfn hafa því 75% af öllum stafrænum endurgerðum á héraðsskjalasöfnum. Önnur héraðsskjalasöfn höfðu færri skönnuð eða ljósmynduð eintök. Samtals voru 2.691 innslegnar færslur í gagnagrunn hjá þeim þremur héraðsskjalasöfnum sem unnu slíka stafræna endurgerð.


4.9.5 Birtir héraðsskjalasafnið stafrænar endurgerðir úr safnkosti á vefnum?



	Fjöldi	%
Já	11	55%
Nei	9	45%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 55% héraðsskjalasafna (11 héraðsskjalasöfn) birta stafrænar endurgerðir úr safnkosti á vefnum en 45% (9 héraðsskjalasöfn) gera það ekki.


4.9.6 Gefur héraðsskjalasafnið út prentaðar frumheimildir?



	Fjöldi	%
Já	1	5%
Nei	19	95%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Aðeins Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja héraðsskjalasafn (5% héraðsskjalasafna), gefur út prentaðar frumheimildir en önnur söfn gera það (95%; 19 héraðsskjalasöfn) ekki.

4.9.7 Gefur héraðsskjalasafnið út niðurstöður rannsókna sem unnar hafa verið á safninu?



	Fjöldi	%
Já	3	15%
Nei	17	85%
Alls	20	100%


Niðurstaða: 15% héraðsskjalasafna (3 héraðsskjalasöfn) gefa út niðurstöður rannsókna, s.s. greinar og bækur, sem hafa verið unnar á safninu, þar með talið í samstarfi við aðra en 85% safnanna (17 héraðsskjalasöfn) gera það ekki. Rannsóknir sem gefnar hafa verið út hafa bæði verið á sviði skjalavörslu og skjalastjórnar og sviði sagnfræði.

4.10 Rannsóknir

Í 5. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 segir að opinber skjalasöfn skuli „gangast fyrir rannsóknum sem tengjast safnkosti skjalasafna, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma“. Með rannsókn er átt við afmarkað viðfangsefni sem tengist safnkosti skjalasafna og felur í sér gagnrýna umfjöllun, greiningu og úrvinnslu fræðilegra heimilda.

Spurt var hvort héraðsskjalasafnið hefði stundað rannsóknir eða athuganir í tengslum við safnkost árið 2016 og ef svo væri var óskað eftir að heiti rannsóknar væri tilgreint og markmið hennar (spurning 10.1). Þá var jafnframt spurt hvort að héraðsskjalasafnið hefði unnið að rannsóknum í samstarfi við aðra á árinu 2016 og ef svo væri var óskað eftir að heiti rannsóknar væri tilgreint og markmið hennar (spurning 10.2).

4.10.1 Stundaði héraðsskjalasafnið rannsóknir eða athuganir í tengslum við safnkost árið 2016?



	Fjöldi	%
Já	8	40%
Nei	12	60%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 40% héraðsskjalasafna (8 héraðsskjalasöfn) stunduðu rannsóknir eða athuganir í tengslum við safnkost árið 2016 en 60% þeirra (12 héraðsskjalasöfn) gerðu það ekki. Fjögur héraðsskjalasöfn stunduðu rannsóknir á eigin vegum, tvö héraðsskjalasöfn stunduðu rannsóknir bæði á eigin vegum og í samstarfi við aðra og tvö eingöngu í samstarfi við aðra. Þær rannsóknir og athuganir sem fram fóru á héraðsskjalasöfnunum árið 2016 voru fjölbreyttar. Þar má nefna heimildaöflun vegna sýninga og útgáfu á prenti og á vef, rannsóknir á tilteknum skjalaflokkum og rannsóknir á notkun skjalasafna og þekkingu almennings á héraðsskjalasafni. Samstarfsverkefi um rannsóknir voru við byggðasafn, sögufélag, búnaðarfélag og samtök sveitarfélaga í héraði.

4.11. Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum

Opinberum skjalasöfnum ber skv. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila en í lögnum segir að opinber skjalasöfn skuli: „hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.“. Eftirlit opinberra skjalasafna getur m.a. falist í úttektum á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og skulu opinber skjalasöfn fá aðgang að starfsstöðvum afhendingarskyldra aðila í þágu eftirlitsins sbr. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um opinber skjalasöfn. Skv. 3. mgr. 22. gr. laganna ber afhendingarskyldum aðilum að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í reglum sem settar eru á grundvelli laganna og er það hlutverk opinberra skjalasafna að hafa eftirlit með því.


Spurt var hversu margir afhendingarskyldir aðilar væru innan umdæmis héraðsskjalasafns í lok árs 2016 (spurning 11.1), hvort héraðsskjalasafnið hefði samþykkt málalykla frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 572/2015 og ef svo væri hversu marga málalykla safnið hefði samþykkt árin 2014, 2015 og 2016. Ef engir málalyklar höfðu verið samþykktir framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár safnið samþykkti síðast málalykil og hversu margir á því ári (spurning 11.2). Spurt var hvort héraðsskjalasafnið hefði samþykkt skjalavistunaráætlanir frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 571/2015 og ef svo væri hversu margar skjalavistunaráætlanir safnið hefði samþykkt árin 2014, 2015 og 2016. Ef engar skjalavistunaráætlanir höfðu verið samþykktar framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár safnið samþykkti síðast skjalavistunaráætlun og hversu margar á því ári (spurning 11.3). Þá var spurt hvort héraðsskjalasafnið hefði tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 625/2010 og ef svo væri hversu margar tilkynningar safnið hefði tekið við árin 2014, 2015 og 2016. Ef engar tilkynningar um rafræna gagnagrunna og skrár höfðu ekki verið móttæknar framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár tilkynning um rafrænan gagnagrunn og skrá var móttækin síðast og hversu margar á því ári (spurning 11.4). Einnig var spurt hvort héraðsskjalasafnið hefði tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 624/2010 og ef svo væri hversu margar tilkynningar safnið hefði tekið við árin 2014, 2015 og 2016. Ef engar tilkynningar um rafræn skjalavörslukerfi höfðu ekki verið móttækna framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár tilkynning um rafræna skjalavörslukerfi var móttækin síðast og hversu margir á því ári (spurning 11.5). Einnig var spurt hvort héraðsskjalasafnið hefði samþykkt rafrænt skjalavörslukerfi skv. reglum nr. 624/2010 og ef svo væri hversu mörg kerfi héraðsskjalasafnið hefði samþykkt árin 2014, 2015 og 2016. Ef engin rafræn skjalavörslukerfi höfðu verið samþykkt

framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár rafrænt skjalavörslukerfi var síðast samþykkt og hversu mörg á því ári (spurning 11.6). Þá var spurt hvort að héraðsskjalasafnið hefði samþykkt skjalageymslur hjá afhendingarskyldum aðilum og ef svo væri hversu margar skjalageymslur héraðsskjalasafnið hefði samþykkt árin 2014, 2015 og 2016. Ef engin skjalageymsla hafði verið samþykkt framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár skjalageymsla var samþykkt síðast og hversu margar á því ári (spurning 11.7). Að lokum var spurt hvort héraðsskjalasafnið hefði gert úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og ef svo væri hvort úttektin hefði farið fram með eftirlitsheimsókn, rafrænni eftirlitskönnun eða á annan hátt og var óskað eftir nánari upplýsingum um síðasta liðinn. Ef eftirlitsheimsókn hefði farið fram var óskað eftir upplýsingum um fjölda eftirlitsheimsókna árin 2014, 2015 og 2016. Ef engin eftirlitsheimsókn hafði verið framangreind ár var óskað eftir upplýsingum um hvaða ár eftirlitsheimsókn var síðast og hversu margar þær voru á því ári. Ef gerðar höfðu verið rafrænar eftirlitskannanir var óskað eftir upplýsingum um fjölda þeirra árin 2014–2016 (spurning 11.8).

4.11.1 Hve margir afhendingarskyldir aðilar eru innan umdæmis héraðsskjalasafnsins í lok árs 2016?

Niðurstaða: Afhendingarskyldir aðilar eru skilgreindir í 1. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Mikilvægt er að opinber skjalasöfn hafi yfirlit yfir hvaða aðilar teljast vera afhendingarskyldir til að geta sinnt eftirliti og veitt þeim ráðgjöf. Alls höfðu 65% héraðsskjalasafna (13 héraðsskjalasöfn) yfirlit yfir fjölda afhendingarskyldra aðila í umdæmi þeirra en 35% safnanna (7 héraðsskjalasöfn) höfðu ekki slíkt yfirlit. Alls töldu héraðsskjalasöfnin 13 sem höfðu yfirlit, að 1.368 afhendingarskyldir aðilar væru í umdæmum þeirra. Misjafnt var á milli héraðsskjalasafna hversu margir aðilar eru afhendingarskyldir, allt frá 14 aðilum hjá Héraðsskjalasafni Dalasýslu og upp í 404 aðila hjá Borgarskjalasafni Reykjavíkur.


4.11.2 Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt málalykla frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila (áður reglum nr. 622/2010)?



	Fjöldi	%
Já	7	35%
Nei	13	65%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 35% héraðsskjalasafna (7 héraðsskjalasöfn) höfðu samþykkt málalykla samkvæmt reglum nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila eða reglum nr. 622/2010 sem áður giltu. 65% safnanna (13 héraðsskjalasöfn) höfðu ekki samþykkt málalykla. Sex héraðsskjalasöfn gáfu upp fjölda málalykla sem þau samþykktu árin 2014–2016 og voru þeir 28 talsins. Ef litið er til fjölda afhendingarskyldra aðila hjá þeim sex héraðsskjalasöfnum sem gáfu upp fjölda samþykkttra málalykla árin 2014–2016 (1.060 afhendingarskyldir aðilar) hafa þessi söfn aðeins samþykkt málalykla hjá um 3% afhendingarskyldra aðila.


Fjöldi samþykktra málalykla 2014-2016



	Fjöldi
2014	8
2015	4
2016	16
Alls	28


Við yfirferð á samþykktum málalyklum sem héraðsskjalasöfnin sendu sem fylgiskjöl með könnuninni kom í ljós að aðeins málalykill frá einu héraðsskjalasafni uppfyllti reglur í raun og veru. Því voru sex héraðsskjalasöfn að samþykkja málalykla til notkunar hjá afhendingarskyldum aðilum sem ekki uppfylla reglur þar um.

Fjöldi samþykktra málalykla sem uppfylla reglur



	Fjöldi	%
Málalykill uppfyllir reglur	1	14%
Málalykill uppfyllir ekki reglur	6	86%
Alls	7	100%


4.11.3 Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt skjalavistunaráætlanir frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila (áður reglum nr. 623/2010)?



	Fjöldi	%
Já	7	35%
Nei	13	65%
Alls	20	100%

Niðurstaða: 35% héraðsskjalasafna (7 héraðsskjalasöfn) höfðu samþykkt skjalavistunaráætlanir samkvæmt reglum nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila eða reglum nr. 623/2010 sem áður giltu. 65% safnanna (13 héraðsskjalasöfn) höfðu ekki samþykkt skjalavistunaráætlanir. Sex héraðsskjalasöfn gáfu upp fjölda skjalavistunaráætla sem þau samþykktu árin 2014–2016 og voru þær 32 talsins. Ef litið er til fjölda afhendingarskyldra aðila hjá þeim sex héraðsskjalasöfnum sem gáfu upp fjölda samþykktra skjalavistunaráætla árin 2014–2016 (1.060 afhendingarskyldir aðilar) hafa þessi söfn aðeins samþykkt skjalavistunaráætlanir hjá um 3% afhendingarskyldra aðila.


Fjöldi samþykkrtra skjalavistunaráætlana 2014-2016



	Fjöldi
2014	8
2015	13
2016	11
Alls	32


Við yfirferð á samþykktum skjalavistunaráætlunum sem héraðsskjalasöfnin sendu sem fylgiskjöl með könnuninni kom í ljós að enginn skjalavistunaráætlun uppfyllti reglur í raun og veru. Því voru öll sjö héraðsskjalasöfnin að samþykkja skjalavistunaráætlanir til notkunar hjá afhendingarskyldum aðilum sem ekki uppfylla reglur þar um.

Fjöldi samþykkrtra skjalavistunaráætlana sem uppfylla reglur



	Fjöldi	%
Uppfylla reglur um skjalavistunaráætlanir	0	0%
Uppfylla ekki reglur um skjalavistunaráætlanir	7	100%
Alls	7	100%


4.11.4 Hefur héraðsskjalasafnið tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 625/2010 um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila?



	Fjöldi	%
Já	1	5%
Nei	19	95%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Aðeins 5% héraðsskjalasafna (1 héraðsskjalasafn) hafði tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár skv. reglum nr. 625/2010 en 95% (19 héraðsskjalasöfn) ekki. Aðeins Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur tekið við slíkum tilkynningum. Samkvæmt svörum safnsins tók það við 13 tilkynningum árið 2016.


4.11.5 Hefur héraðsskjalasafnið tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukefa afhendingarskyldra aðila?



	Fjöldi	%
Já	1	5%
Nei	19	95%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Aðeins 5% héraðsskjalasafna (1 héraðsskjalasafn) hafði tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi skv. reglum nr. 624/2010 en 95% (19 héraðsskjalasöfn) ekki. Aðeins Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur tekið við slíkum tilkynningum. Samkvæmt svörum safnsins tók það við einni tilkynningu árið 2016. Borgarskjalasafn hafði ekki samþykkt neitt rafrænt skjalavörslukerfi samkvæmt sömu reglum.


4.11.6 Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt skjalageymslur hjá afhendingarskyldum aðilum?



	Fjöldi	%
Já	1	5%
Nei	19	95%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Aðeins eitt héraðsskjalasafna, Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu (5% héraðsskjalasafna hafði samþykkt notkun skjalageymslna hjá afhendingarskyldum aðilum en 95% (19 héraðsskjalasöfn) ekki. Upplýsingar um hversu margar skjalageymslur safnið hafði samþykkt fylgdu ekki svörum.

4.11.7 Hefur héraðsskjalasafnið gert úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila?




	Fjöldi	%
Já	10	50%
Nei	10	50%
Alls	20	100%

Niðurstaða: Helmingur héraðsskjalasafna gerir úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Úttektir þessara tíu héraðsskjalasafna eru í formi eftirlitsheimsóknna til afhendingarskyldra aðila og rafrænna eftirlitskannana. Fimm þeirra héraðsskjalasafna sem stunda reglulegt eftirlit gera það með rafrænum eftirlitskönnunum, eitt

héraðsskjalasafn fer í eftirlitsheimsóknir til afhendingarskyldra aðila, þrjú nota bæði eftirlitsheimsóknir og rafrænar kannanir í sínu eftirliti og eitt héraðsskjalasafn gaf ekki upp hvornig það stendur að eftirlitinu.

Framkvæmd eftirlits




	Fjöldi	%
Rafrænar eftirlitskannanir	1	50%
Eftirlitsheimsóknir	5	10%
Rafrænar eftirlitskannanir og eftirlitsheimsóknir	3	30%
Gaf ekki upplýsingar	1	10%
Alls	10	100%

Þau átta héraðsskjalasöfn sem gerðu úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn með eftirlitsheimsóknum fóru í samtals 141 eftirlitsheimsókn á árunum 2014–2016. Það eru að meðaltali um 18 eftirlitsheimsóknir á hvert safn eða sex á hverju ári hjá hverju safni. Meðaltal gefur þó ekki rétta mynd því misjafnt var hversu margar eftirlitsheimsóknir héraðsskjalasöfnin fóru í. Þannig fór Héraðsskjalasafn Árnesinga í 64 eftirlitsheimsóknir á tímabilinu og Héraðsskjalasafn Kópavogs í 35 sem eru 70% eftirlitsheimsókna héraðsskjalasafnanna á tímabilinu.

Þrjú héraðsskjalasöfn af þeim tíu sem stunda reglulegt eftirlit sendu Þjóðskjalasafni skýrslur úr eftirlitsheimsóknunum sem fylgiskjal með könnuninni. Þær skýrslur gáfu litlar upplýsingar um hvort kannað hafi verið að stofnunin sem sætti eftirliti uppfyllti lög um opinber skjalasöfn og þær reglur sem settar hafa verið samkvæmt lögnum.

Þau fjögur héraðsskjalasöfn sem gerðu rafrænar eftirlitskannanir svöruðu því til að tvær kannanir hefðu verið gerðar á árunum 2014–2016.

Fjöldi eftirlitsheimsókna 2014–2016



	Fjöldi
2014	31
2015	65
2016	45
Alls	141

Viðauki 1 – Spurningar í eftirlitskönnun um starfsemi héraðsskjalasafna 2017

Upplýsingar um héraðsskjalasafn og rekstur þess

Skýringar:

Í 2. mgr. 11. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um hvaða upplýsingar skuli vera í umsókn um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns. Þar kemur fram að í umsókn skuli gera grein fyrir áætluðum rekstrarkostnaði, húsnæði, búnaði og fjölda starfa sem safninu er ætlað. Í 2. mgr. 12. gr. laganna segir jafnframt að rekstraraðilar héraðsskjalasafns skuli árlega skila til Þjóðskjalasafns skýrslu um starfsemina. Sambærilegt ákvæði er að finna í 9. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Í 1. gr. reglugerðarinnar er jafnframt kveðið á um að fjárhagslegur rekstur héraðsskjalasafns skuli tryggður.

1. Heiti héraðsskjalasafns:
2. Nafn héraðsskjalavarðar og starfsheiti:
3. Netfang þess sem svarar könnuninni:
4. Hvert er rekstrarform héraðsskjalasafnsins? (Sem dæmi er héraðsskjalasafnið með sérstaka stjórn, heyrir héraðsskjalasafnið undir menningarhúsi sveitarfélags o.s.frv.)
5. Fjöldi starfsmanna héraðsskjalasafns árið 2016:
 - a. Konur
 - b. KarlarSamtals
6. Fjöldi stöðugilda héraðsskjalasafns árið 2016 (Með stöðugildi er átt við fjölda starfa á ársgrundvelli. Dæmi: Starfsmaður sem starfar á ársgrundvelli í 100% starfi telur 1 stöðugildi. Starfsmaður sem starfar á ársgrundvelli í 50% starfi telur 0,5 stöðugildi):
 - a. Konur
 - b. KarlarSamtals
7. Hefur héraðsskjalasafnið yfirlit yfir skiptingu hlutfalls í verkefni héraðsskjalasafns árið 2016 (ráðgjöf og eftirlit, frágangur og skráning skjalasafna, stjórnun, rannsóknir og miðlun, afgreiðsla úr safnkosti, annað)?
 - a. Já
 - i. Tilgreinið hlutfall (prósentu) sem fór í eftirfarandi verkefni:
 1. Ráðgjöf og eftirlit með afhendingarskyldum aðilum
 2. Frágangur og skráning skjalasafna
 3. Stjórnun
 4. Rannsóknir og miðlun safnkosts
 5. Afgreiðsla úr safnkosti
 6. Annað
 7. Samtals hlutfall:
 - b. Nei
8. Hver var rekstrarkostnaður héraðsskjalasafnsins árið 2016?
 - a. Rekstrarkostnaður í heild
 - b. Þar af launakostnaður
 - c. Þar af kostnaður við húsnæði (þ.m.t. leiga og önnur gjöld)
 - d. Þar af annar rekstrarkostnaður
9. Hversu mikið af rekstrarfé safnsins kemur frá Þjóðskjalasafni Íslands árið 2016 (bæði rekstrarstyrkur og verkefnastykur)?
 - a. Upphæð rekstrarstyrks
 - b. Upphæð verkefnastyks

- c. Hlutfall styrkja frá Þjóðskjalasafni af rekstrarfé
- 10. Gefur safnið út ársskýrslu?
 - a. Já.
 - i. Á hvaða formi er skýrslan?
 - a. Ársskýrslan er prentuð
 - b. Ársskýrslan er gefin út á rafrænu formi
 - c. Ársskýrslan er bæði prentuð og gefin út á rafrænu formi
 - ii. Hverjum er skýrslan send?
 - b. Nei
- 11. Er til stofnsamþykkt fyrir héraðsskjalasafnið?
 - a. Já
 - b. Nei
- 12. Telur héraðsskjalavörður að þörf sé á fjölgun starfsfólks?
 - a. Já
 - i. Hve marga starfsmenn telur héraðsskjalavörður að þörf sé á og hvers vegna?
 - b. Nei
- 13. Athugasemdir eða skýringar um héraðsskjalasafn og rekstur þess

Húsnæði og skjalageymslur

Skýringar:

Í 18. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um að opinber skjalasöfn skuli „ tryggja örugga varðveislu skjala sem eru á ábyrgð þeirra, óháð formi þeirra“. Jafnframt segir í 1. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn að þess skuli gætt að fyrir hendi sé fullnægjandi húsnæði héraðsskjalasafna. Skjalageymslur opinberra skjalasafna þurfa að vera þannig úr gærði gerðar að þær tryggi örugga varðveislu skjala og að tryggt eins og mögulegt er að lágmarka tjón sem getur orðið á skjölum.

1. Hvar eru höfuðstöðvar safnsins og skjalageymslur?
 - a. Höfuðstöðvar, heimilisfang
 - b. Geymslur utan höfuðstöðva, tilgreinið heimilisfang/heimilisföng
2. Er safnið í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði? Merkið við einn eða fleiri möguleika
 - a. Eigið húsnæði
 - b. Leiguhúsnæði (þ.m.t. ef húsnæði er leigt af opinberum aðila, t.d. sveitarfélagi)
3. Hvernig er aðstaða fyrir starfsfólk og gesti?
 - a. Rými fyrir vinnuáðstöðu, skrifstofu og gesti er aðskilið
 - b. Sameiginlegt rými fyrir vinnuáðstöðu og skrifstofu og sérstakt rými fyrir gesti
 - c. Sameiginlegt rými fyrir skrifstofu og gesti og sérstakt rými fyrir vinnuáðstöðu
 - d. Sameiginlegt rými fyrir vinnuáðstöðu, skrifstofu og gesti
4. Hver er fermetrafjöldi húsnæðis héraðsskjalasafns?
 - a. Fermetrar almennrar vinnuáðstöðu
 - b. Fermetrar skrifstofu
 - c. Fermetrar geymslna
 - d. Fermetrar lestrarsalar / aðstöðu fyrir gesti og fræðimenn
 - e. Samtals fermetrafjöldi
5. Hversu margir hillumetrar eru í notkun og hversu margir hillumetrar eru lausir? (Hillumetri er mælieining sem vísar til þess magns skjala sem kemst fyrir í hillu sem er einn metri á breidd. Hefðbundin A4 skjalaaskja er 8 cm á breidd og eru 12 öskjur í einum hillumetra)
 - a. Fjöldi hillumetra í notkun
 - b. Laust hillupláss í hillumetrum

6. Eru skjöl varðveitt á annan hátt en í hillum, t.d. á vörubrettum?
 - a. Já
 - i. Hvernig eru skjölin varðveitt ef ekki í hillum?
 - ii. Hversu margir hillumetrar eru ekki í hillum?
 - b. Nei
7. Telur héraðsskjalavörður að þörf sé á auknu geymsluplássi fyrir safnkost innan fimm ára?
 - a. Já
 - i. Hversu mikið geymslupláss í hillumetrum telur héraðsskjalavörður að þörf sé á næstu fimm árin og hvers vegna?
 - b. Nei
8. Tryggja skjalageymslur að mati héraðsskjalavarðar varðveislu og öryggi safnkosts?
 - a. Já
 - b. Nei
 - i. Hvað þarf að bæta að mati héraðsskjalavarðar?
9. Athugasemdir eða skýringar um húsnaði og skjalageymslur héraðsskjalasafns

Öryggisafritun og neyðaráætlanir

Skýringar:

Í 18. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn segir að mikilvægustu skjöl safnanna skuli vera til á filmum, í rafrænu afriti eða á öðrum vörslumiðli og eintak afritanna varðveitt á öruggum stað utan höfuðstöðva þeirra“. Neyðaráætlanir og afritun mikilvægra skjala eru þáttur í að tryggja varðveislu safnkostsins.

1. Hefur mat á skjölum m.t.t. hamfara farið fram, þ.e. hvaða skjöl þarf að flytja og þá hvert?
 - a. Já
 - b. Nei
2. Er til staðar neyðaráætlun, þ.e. hvernig skuli bregðast við ef hamfarir verða?
 - a. Já
 - i. Til hvaða þátta í starfseminni tekur hún?
 - ii. Er neyðaráætlunin uppfærð reglulega?
 - iii. Er neyðaráætlunin geymd á sýnilegum stað?
 - iv. Er neyðaráætlunin kynnt nýjum starfsmönnum?
 - v. Hefur viðbragðsaðilum (t.d. lögreglu, slökkviliði) verið kynnt neyðaráætlunin?
 - b. Nei
3. Hefur afritun mikilvægra skjala, m.t.t. hamfara, farið fram?
 - a. Já
 - i. Á hvaða formi eru afritin? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Á örfilmum
 2. Á rafrænu formi (t.d. skannaðar myndir)
 3. Á pappír
 4. Annað, hvað?
 - ii. Eru öryggisafritin vistuð innan eða utan safnsins? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Öryggisafrit eru vistuð innan héraðsskjalasafnsins
 2. Öryggisafrit eru vistuð utan héraðsskjalasafnsins
 - b. Nei
4. Athugasemdir eða skýringar um öryggisafritun og neyðaráætlun héraðsskjalasafns

Afhendingarskrá

Skýringar:

Opinber skjalasöfn eiga skv. 2. tl. 1. mgr. 13. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið. Aðfangabók eða afhendingarskrá er skrá sem opinber skjalasöfn halda til að hafa yfirlit yfir afhendingar til safnsins og safnkostinn. Í 9. gr. reglugerðar um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 segir héraðsskjalavörður skuli halda aðfangabók og skrá í hana jafnóðum og skjöl berast safninu.

1. Er haldin aðfangabók/afhendingarskrá
 - a. Já
 - i. Ef haldin er aðfangabók/afhendingarskrá merkið við þær upplýsingar sem skráðar eru:
 1. Afhendingaraðili
 2. Heiti skjalasafns
 3. Innihald
 4. Tímabil sem skjölin ná yfir
 5. Dags. viðtöku skjala
 6. Form skjalanna (pappír/rafrænt)
 7. Umfang afhendingar
 8. Annað, hvað
 - ii. Ef haldin er aðfangabók/afhendingarskrá, hvernig er hún færð?
 1. Í rafrænu forriti
 - a. Tilgreinið heiti forritsins sem afhendingarskráin er færð í?
 - b. Er aðfangabók/afhendingarskrá prentuð út?
 - i. Já
 1. Hvernig er útprentun aðfangabókar/afhendingarskrár?
 - a. Listi yfir afhendingar mánaðar eða árs
 - b. Prentaðar upplýsingar um einstakar afhendingar
 - c. Annað, hvað
 - ii. Nei
 2. Í handfærða bók
 - b. Nei
 2. Athugasemdir eða skýringar um afhendingarskrá héraðsskjalasafns

Skráning og frágangur pappírsskjalasafna

Skýringar:

Opinber skjalasöfn eiga skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa til reiðu skjöl og önnur gögn safnsins ásamt skráum og upplýsingum um þau fyrir þá sem nota vilja safnið. Reglur nr. 573/2015 gilda um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila.

1. Eru skjöl skráð skv. upprunareglu?
 - a. Já
 - b. Nei
2. Er stuðst við staðla Alþjóða skjalaráðsins við skráningu skjalasafna (ISAD(G), ISAAR (CPF))?
 - a. Já
 - b. Nei

3. Hvaða upplýsingar koma fram við skráningu í geymsluskrá, sbr. reglur nr. 572/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírskjala afhendingarskyldra aðila? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika.
 - a. Skjalamyndari
 - b. Afhendinganúmer
 - c. Öskjunúmer
 - d. Arkarnúmer
 - e. Tímabil
 - f. Innihald
 - g. Athugasemdir
 - h. Annað
 - i. Hvaða aðrar upplýsingar eru skráðar í geymsluskrá?
4. Er gerð skýrsla/greinargerð með hverju safni?
 - a. Já
 - i. Ef gerð er skýrsla/greinargerð, hvaða upplýsingar koma fram? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Upplýsingar um skjalamyndara
 2. Upplýsingar um skjalaflokka
 3. Ástands safnsins
 4. Vinnufyrirkomulag við skráningu og frágang safnsins
 5. Upplýsingar um hver skráir
 6. Annað, hvað?
 - b. Nei
5. Hvaða hugbúnaður er notaður við skjalaskráningu? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 - a. FileMaker
 - b. Word
 - c. Excel
 - d. Handfærðar skrár
 - e. Annar hugbúnaður
 - i. Tilgreinið hvaða hugbúnaður er notaður við skjalaskráningu
6. Hvernig umbúðir eru notaðar við frágang pappírskjallasafna?
 - a. Umbúðir sem uppfylla staðalinn ISO-9706
 - i. Hver er söluaðili eða framleiðandi umbúðanna
 - b. Aðrar umbúðir
 - i. Tilgreinið hvernig umbúðir eru notaðar og hver er söluaðili framleiðandi umbúðanna
 - c. Hef ekki upplýsingar um gæði umbúða
7. Er unnið að forvörslu og viðgerðum á skjölum á héraðsskjalasafninu?
 - a. Já
 - i. Hvernig er staðið að forvörslu og viðgerðum á skjölum? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Forvarsla og viðgerðir fara fram á safninu sjálfu
 2. Leitað til viðgerðarstofu Þjóðskjalasafns Íslands
 3. Leitað er til annarra utanaðkomandi forvarða
 4. Annað, hvað?
 - b. Nei
8. Athugasemdir eða skýringar um skráningu og frágang pappírskjallasafna héraðsskjalasafns

Aðgengi að skjalaskrá

Skýringar:

Opinber skjalasöfn skulu skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn hafa skrár og upplýsingar til reiðu fyrir þá sem vilja nota safnkostinn.

1. Hvernig er aðgengi notenda að skjalaskrá? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika.
 - a. Skjalaskrár eru aðgengilegar á vef
 - b. Skjalaskrár eru aðgengilegar útprentaðar á lestrarsal
 - c. Skjalaskrár eru gefnar út á prenti
 - d. Skjalaskrár eru ekki aðgengilegar notendum
2. Eru tekin öryggisafrit af skjalaskrá?
 - a. Já
 - i. Hvernig er staðið að öryggisafritun? Merktu við einn eða fleiri valmöguleika.
 1. Afrit eru tekin af skjalaskrá á rafrænu formi
 2. Afrit eru tekin af skjalaskrá á pappírformi
 - ii. Hversu oft eru öryggisafrit tekin?
 - iii. Eru öryggisafritin vistuð innan eða utan safnsins? Merktu við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Öryggisafrit eru vistuð innan héraðsskjalasafnsins
 2. Öryggisafrit eru vistuð utan héraðsskjalasafnsins
 - b. Nei
3. Athugasemdir eða skýringar um aðgengi að skjalaskrá héraðsskjalasafns

Safnkostur

Skýringar:

Opinber skjalasöfn eiga skv. 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að „taka við og heimta inn skjöl og varðveita þau og önnur gögn frá afhendingarskyldum aðilum sem hafa að geyma upplýsingar sem þýðingu hafa fyrir stjórnsýslu eða hagsmuni og réttindi borgaranna eða hafa sögulegt gildi“. Þá skulu opinber skjalasöfn skv. 6. tl. sömu greinar laganna „leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsögu varðveitist“.

1. Hver er heildarsafnkostur pappírsskjalasafna í hillumetrum? (Hillumetri er mælieining sem vísar til þess magns skjala sem kemst fyrir í hillu sem er einn metri á breidd. Hefðbundin A4 skjalaaskja er 8 cm á breidd og eru 12 öskjur í einum hillumetra)
 - a. Þar af heildarsafnkostur pappírsskjalasafna afhendingarskyldra aðila í hillumetrum
 - b. Þar af heildarsafnkostur einkaskjalasafna á pappír í hillumetrum
2. Hver er fjöldi heildarhillumetra fullskráðra pappírsskjalasafna (með fullskráningu er átt við að gengið sé frá skjölum og þau skráð skv. reglum nr. 573/2015 um frágang, skráningu og afhendingu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila)
3. Hver er fjöldi heildarhillumetra grófskráðra pappírsskjalasafna (með grófskráningu er t.d. átt við að lægsta skráningarstig sé innihald einnar öskju. Upplýsingar um innihald hvorrar öskju getur verið að finna í afhendingarskrá, skjalaskrá eða í öðrum gögnum safnsins)
4. Hver er fjöldi heildarhillumetra óskráðra og ófrágenginna pappírsskjalasafna (með óskráðu og ófrágengnu pappírsskjalasafni er átt við að skjalasafnið hefur ekki verið komið fyrir í skjalaumbúðum og innihald hvorrar öskju er ekki skráð)
5. Hvernig hafa árlegar afhendingar pappírsskjalasafna verið árið 2016?
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Hillumetrar afhentra skjalasafna í heild
 - v. Hillumetrar afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Hillumetrar afhentra skjalasafna einkaaðila

6. Hvernig hafa árlegar afhendingar pappírsskjalasafna verið árið 2015:
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Hillumetrar afhentra skjalasafna í heild
 - v. Hillumetrar afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Hillumetrar afhentra skjalasafna einkaaðila
7. Hvernig hafa árlegar afhendingar pappírsskjalasafna verið árið 2014:
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Hillumetrar afhentra skjalasafna í heild
 - v. Hillumetrar afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Hillumetrar afhentra skjalasafna einkaaðila
8. Tekur héraðsskjalasafnið við rafrænum gögnum til varðveislu (hér er einnig átt við rafræn gögn berast með pappírskjöllum, t.d. disklinar, geisladiskar o.s.frv.)?
 - a. Já
 - i. Hvernig eru rafræn gögn varðveitt? Merkið við einn eða fleiri valmöguleika
 1. Samkvæmt reglum nr. 100/2014 um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum afhendingarskyldra aðila.
 2. Í þeim skráarsniðum sem þau voru mynduð í.
 3. Á annan hátt
 - a. Hvernig
 - ii. Hver er heildarsafnkostur rafrænna skjalasafna í gb (gígabætum)?
 1. Þar af heildarsafnkostur rafrænna skjalasafna afhendingarskyldra aðila í gb
 2. Þar af heildarsafnkostur einkaskjalasafna á rafrænu formi í gb
 3. Hef ekki upplýsingar um umfang rafrænna afhendinga í gb.
 - iii. Hefur safnið upplýsingar um árlegar afhendingar rafrænna skjalasafna verið 2014–2016?
 1. Já
 - a. Hvernig hafa árlegar afhendingar rafrænna skjalasafna verið árið 2016:
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Gígabæt afhentra skjalasafna í heild
 - v. Gígabæt afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Gígabæt afhentra skjalasafna einkaaðila
 - b. Hvernig hafa árlegar afhendingar rafrænna skjalasafna verið árið 2015:
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Gígabæt afhentra skjalasafna í heild
 - v. Gígabæt afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Gígabæt afhentra skjalasafna einkaaðila

- c. Hvernig hafa árlegar afhendingar rafrænna skjalasafna verið árið 2014:
 - i. Fjöldi í heild
 - ii. Fjöldi afhendinga frá afhendingarskyldum aðilum
 - iii. Fjöldi afhendinga frá einkaaðilum
 - iv. Gígabæt afhentra skjalasafna í heild
 - v. Gígabæt afhentra skjalasafna afhendingarskyldra aðila
 - vi. Gígabæt afhentra skjalasafna einkaaðila
- 2. Nei
 - b. Nei
 - i. Hvenær hyggst héraðsskjalasafnið byrja að taka við rafrænum gögnum til varðveislu?
- 9. Starfar héraðsskjalasafnið eftir samþykkttri aðfangastefnu við söfnun og varðveislu einkaskjalasafna? (Aðfangastefna er stefnuyfirlýsing um hvers konar skjöl eða skjalasöfn vörslustofnun leitar eftir að fá til varðveislu.)
 - a. Já
 - i. Tilgreinið hvar aðfangastefnuna er að finna, hvenær hún var samþykkt og hverjir samþykktu hana.
 - b. Nei
- 10. Athugasemdir eða skýringar um safnkost héraðsskjalasafns

Lestrarsalur og notkun safnkosts

Skýringar:

Opinberum skjalasöfnum ber skv. 2. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að skapa safngestum aðstöðu til að nota skjöl safnsins, þ.m.t. til vísindalegra rannsókna og fræðuðkana. Á lestrarsal eða lesstofu skjalasafna er safngestum m.a. sköpuð aðstaða til að nýta safnkostinn.

- 1. Hefur héraðsskjalasafnið sérstaka aðstöðu (t.d. lestrarsal) fyrir safngesti til að skoða skjöl úr safnkostinum?
 - a. Já
 - i. Hver er fjöldi sæta/plássna á lestrarsal fyrir gesti/fræðimenn?
 - ii. Hversu margar klukkustundir er lestrarsalur opin á viku?
 - iii. Hver er fjöldi gesta á lestrarsal á árinu 2016?
 - 1. Fjöldi
 - 2. Hef ekki yfirlit
 - iv. Er lestrarsalur samnýttur með öðrum?
 - 1. Já
 - a. Með hverjum er lestrarsalur samnýttur?
 - 2. Nei
 - v. Er stöðug vakt á lestrarsalnum/lesstofunni?
 - 1. Já
 - 2. Nei
 - a. Ef nei, hvernig er öryggi safnkosts gætt á lestrarsal?
 - b. Nei
 - i. Ef nei, hvernig aðstaða er fyrir safngesti til að skoða skjöl úr safnkostinum?
- 2. Hver var fjöldi afgreiddra skjalaeininga á til gesta safnsins / á lestrarsal á árinu 2016? Með einni skjalaeiningu er átt við t.d. öskju eða bók sem er afgreidd til notkunar á lestrarsal)
 - a. Fjöldi
 - b. Hef ekki yfirlit
- 3. Hver var fjöldi millisafnalána / lána til skjalamyndara á árinu 2016 (þ.m.t. til vörslustofnana)?
 - a. Fjöldi
 - b. Hef ekki yfirlit

4. Hver var fjöldi millisafnalána sem héraðsskjalasafnið fékk frá öðrum vörslustofnunum (t.d. öðrum héraðsskjalasöfnum, Þjóðskjalasafni, handritasafni Landsbókasafns)
 - a. Fjöldi
 - b. Hef ekki yfirlit
5. Hversu mörgum fyrirspurnum var svarað skriflega árið 2016?
 - a. Fjöldi
 - b. Hef ekki yfirlit
6. Athugasemdir eða skýringar um lestrarsal og notkun safnkosts héraðsskjalasafns

Miðlun safnkostsins

Skýringar:

Í 20. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um að opinber skjalasöfn skuli „vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra“. Miðlun safnkosts og fræðsla getur verið með sýningum, útgáfu á prenti, miðlun á vef, móttöku skólahópa og annarra hópa eða með öðrum hætti.

1. Hefur héraðsskjalasafnið sett upp sýningar, annað hvort á eigin vegum eða í samstarfi við aðra?
 - a. Já
 - i. Hversu margar sýningar hefur héraðsskjalafnið sett upp árið 2016?
 - a. Hefur safnið yfirlit yfir fjölda sýninga árið 2016?
 - b. Hver var fjöldi sýninga?
 - c. Hver var fjöldi gesta á sýningarnar?
 - ii. Hversu margar sýningar hefur héraðsskjalafnið sett upp árið 2015
 - a. Hefur safnið yfirlit yfir fjölda sýninga árið 2015?
 - b. Fjöldi sýninga
 - c. Hver var fjöldi gesta á sýningarnar?
 - iii. Hversu margar sýningar hefur héraðsskjalafnið sett upp árið 2014
 - a. Hefur safnið yfirlit yfir fjölda sýninga árið 2014?
 - b. Fjöldi sýninga
 - c. Hver var fjöldi gesta á sýningarnar?
 - b. Nei
2. Sinnir héraðsskjalasafnið kynningum á safni og safnkosti gagnvart hópum (skólahópum og öðrum gestum), annað hvort með því að taka á móti hópum eða fara út fyrir safnið til kynningar?
 - a. Já
 - i. Hefur safnið yfirlit yfir fjölda nemenda og annarra gesta árið 2016?
 - ii. Fjöldi nemenda árið 2016
 - iii. Fjöldi annarra gesta árið 2016
 - b. Nei
3. Tók héraðsskjalasafnið þátt í sýningum annarsstaðar en í eigin húsnæði á árinu 2016.
 - a. Já
 - i. Teljið upp hvaða sýningar héraðsskjalasafnið hefur tekið þátt í sem eru utan eigin húsnæðis
 - b. Nei

2. Hefur héraðsskjalasafnið sérstaka vefsíðu / vefsíður?
 - a. Já
 - i. Hvert er veffangið / hver eru vefföngin?
 - ii. Hefur safnið yfirlit yfir notkun á vefsíðunni / vefsíðunum árið 2016?
 - iii. Hver er fjöldi notenda (Users) á vefsíðunni / vefsíðunum árið 2016
 - iv. Fjöldi innlita (Sessions) á vefsíðunni / vefsíðunum árið 2016
 - v. Fjöldi flettinga (Pageviews) á vefsíðunni / vefsíðunum árið 2016
 - b. Nei
3. Vinnur héraðsskjalasafnið stafrænar endurgerðir af safnkostinum?
 - a. Já
 - i. Hvernig eru stafrænar endurgerðir unnar? Merkið við einn valkost eða fleiri.
 - a. Skönnuð / ljósmynduð afrit af skjölum (þ.m.t. ljósmyndir)
 - b. Innslegnar heimildir í gagnagrunni (dæmi manntal.is)
 - c. Uppskriftir skjala
 - d. Annað, hvað?
 - ii. Ef stafrænar endurgerðir eru unnar hver er heildarfjöldi þeirra í lok árs 2016?
 - a. Hefur safnið yfirlit yfir heildarfjölda stafrænna endurgerða í lok árs 2016?
 - b. Fjöldi skannaðra / ljósmyndaðra afrita af skjölum (þ.m.t. ljósmyndum)
 - c. Fjöldi innsleginna færslna í gagnagrunni (dæmi manntal.is)
 - d. Fjöldi uppskrifaðra skjala
 - e. Annað, hvað?
 - b. Nei
4. Birtir héraðsskjalasafnið stafrænar endurgerðir úr safnkosti á vefnum?
 - a. Já
 - i. Hvernig eru stafrænar endurgerðir birtar?
 - a. Skönnuð / ljósmynduð afrit af skjölum (þ.m.t. ljósmyndum)
 - b. Innslegnar heimildir í gagnagrunni (dæmi manntal.is). Tilgreinið heiti heimildar
 - c. Uppskriftir skjala
 - d. Annað, hvað?
 - b. Nei
5. Gefur héraðsskjalasafnið út prentaðar frumheimildir?
 - a. Já
 - i. Teljið upp útgáfu prentaðra frumheimilda (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2016
 - ii. Teljið upp útgáfu prentaðra frumheimilda (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2015
 - iii. Teljið upp útgáfu prentaðra frumheimilda (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2014
 - iv. Hvenær voru síðast gefnar út prentaðar frumheimildir? Tilgreinið ár
 - b. Nei
6. Gefur héraðsskjalasafnið út niðurstöður rannsókna (bækur og fræðigreinar) sem unnar hafa verið á safninu, þ.m.t. í samstarfi við aðra?
 - a. Já
 - i. Teljið upp útgáfu rannsókna (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2016
 - ii. Teljið upp útgáfu rannsókna (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2015
 - iii. Teljið upp útgáfu rannsókna (bækur og greinar) og fjölda útgefna blaðsíðna 2014
 - iv. Hvenær voru síðast gefnar út rannsóknir? Tilgreinið ár
 - b. Nei
7. Athugasemdir eða skýringar um miðlun safnkosts héraðsskjalasafns

Rannsóknir

Skýringar:

Í 5. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 segir að opinber skjalasöfn skuli „gangast fyrir rannsóknnum sem tengjast safnkosti skjalasafna, sbr. 1. tölul., eftir því sem fjárheimildir leyfa á hverjum tíma“. Með rannsókn er átt við afmarkað viðfangsefni sem tengist safnkosti skjalasafna og felur í sér gagnrýna umfjöllun, greiningu og úrvinnslu fræðilegra heimilda.

1. Stundaði héraðsskjalasafnið rannsóknir eða athuganir í tengslum við safnkost árið 2016?
 - a. Já
 - i. Tilgreinið heiti rannsóknar / rannsókna og markmið hennar / þeirra
 - b. Nei
2. Vann héraðsskjalasafnið að rannsóknnum í samstarfi við aðra á árinu 2016?
 - a. Já
 - i. Tilgreinið samstarfsaðila heiti rannsóknar / rannsókna og markmið hennar / þeirra
 - b. Nei
3. Athugasemdir eða skýringar um rannsóknir héraðsskjalasafns

Eftirlit með afhendingarskyldum aðilum

Skýringar:

Opinberum skjalasöfnum ber skv. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila en í lögnum segir að opinber skjalasöfn skuli: „hafa eftirlit með framkvæmd afhendingarskyldra aðila á lögum þessum, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli þeirra og á reglum sem settar eru skv. 8. gr.“. Eftirlit opinberra skjalasafna getur m.a. falist í úttektum á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila og skulu opinber skjalasöfn fá aðgang að starfsstöðvum afhendingarskyldra aðila í þágu eftirlitsins sbr. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um opinber skjalasöfn. Skv. 3. mgr. 22. gr. laganna ber afhendingarskyldum aðilum að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í reglum sem settar eru á grundvelli laganna og er það hlutverk opinberra skjalasafna að hafa eftirlit með því.

1. Hve margir afhendingarskyldir aðilar eru innan umdæmis héraðsskjalasafnsins í lok árs 2016?
 - a. Tilgreinið fjölda
 - b. Hef ekki yfirlit
2. Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt málalykla frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 572/2015 um málalykla afhendingarskyldra aðila (áður reglum nr. 622/2010)?
 - a. Já
 - i. Hve marga málalykla hefur héraðsskjalasafnið samþykkt? (Ef engir málalyklar voru samþykktir 2014–2016 skrifið 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi
 - c. 2014, fjöldi
 - d. Ef engir málalyklar voru samþykktir 2014–2016 tilgreinið ár þegar málalykill var samþykktur síðast og hversu margir þeir voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - b. Nei
 3. Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt skjalavistunaráætlanir frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 571/2015 um skjalavistunaráætlanir afhendingarskyldra aðila (áður reglum nr. 623/2010)?
 - a. Já
 - i. Hve margar skjalavistunaráætlanir hefur héraðsskjalasafnið samþykkt? (Ef engar skjalavistunaráætlanir voru samþykktar 2014–2016 skrifið 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi

- c. 2014, fjöldi
 - d. Ef engar skjalavistunaráætlanir voru samþykktar 2014–2016 tilgreinið ár þegar skjalavistunaráætlun var samþykkt síðast og hversu margar þær voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - b. Nei
4. Hefur héraðsskjalasafnið tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 625/2010 um tilkynningu rafrænna skráa og gagnagrunna afhendingarskyldra aðila?
- a. Já
 - i. Hversu margar tilkynningar um rafrænna gagnagrunna og skrár hefur héraðsskjalasafnið tekið við? (Ef ekki var tekið við neinum tilkynningum 2014–2016 skrifð 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi
 - c. 2014, fjöldi
 - d. Ef ekki var tekið við tilkynningum um rafræna gagnagrunna og skrár 2014–2016 tilgreinið ár þegar síðast var tekið við tilkynningu og hversu margar þær voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - e.
 - b. Nei
5. Hefur héraðsskjalasafnið tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukefa afhendingarskyldra aðila?
- a. Já
 - i. Hversu margar tilkynningar um rafræn skjalavörslukerfi hefur héraðsskjalasafnið tekið við? (Ef ekki var tekið við neinum tilkynningum 2014–2016 skrifð 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi
 - c. 2014, fjöldi
 - d. Ef ekki var tekið við tilkynningum um rafræn skjalavörslukerfi 2014–2016 tilgreinið ár þegar síðast var tekið við tilkynningu og hversu margar þær voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - b. Nei
6. Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt rafræn skjalavörslukerfi frá afhendingarskyldum aðilum skv. reglum nr. 624/2010 um tilkynningu og samþykkt rafrænna skjalavörslukefa afhendingarskyldra aðila?
- a. Já
 - i. Hversu mörg rafræn skjalavörslukerfi hefur héraðsskjalasafnið samþykkt? (Ef engin rafræn skjalavörslukerfi voru samþykkt 2014–2016 skrifð 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi
 - c. 2014, fjöldi
 - d. Ef ekkert rafrænt skjalavörslukerfi var samþykkt 2014–2016 tilgreinið ár þegar síðast var tekið við tilkynningu og hversu mörg þau voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - b. Nei

7. Hefur héraðsskjalasafnið samþykkt skjalageymslur hjá afhendingarskyldum aðilum?
 - a. Já
 - i. Hversu margar skjalageymslur hefur héraðsskjalasafnið samþykkt? (Ef engar skjalageymslur voru samþykktar 2014–2016 skrifið 0 í dálkana)
 - a. 2016, fjöldi
 - b. 2015, fjöldi
 - c. 2014, fjöldi
 - d. Ef engin skjalageymsla var samþykkt 2014–2016 tilgreinið ár þegar skjalageymsla var samþykkt síðast og hversu margar þær voru á því ári.
 - a. Ár
 - b. Fjöldi
 - b. Nei
8. Hefur héraðsskjalasafnið gert úttektir á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila?
 - a. Já
 - i. Hvernig hafa úttektirnar verið framkvæmdar?
 - a. Með eftirlitsheimsóknum til afhendingarskyldra aðila.
 - a. Hversu margar eftirlitsheimsóknir voru á árin 2014–2016?
 - i. Fjöldi 2016
 - ii. Fjöldi 2015
 - iii. Fjöldi 2014
 - b. Með rafrænum könnunum sem sendar eru til afhendingarskyldra aðila.
 - a. Hversu margar rafrænar kannanir hafa verið gerðar 2014–2016.
 - c. Annað, hvað?
 - b. Nei
9. Athugasemdir eða skýringar um eftirlits héraðsskjalasafns með afhendingarskyldum aðilum

Ósk um fylgiskjöl

Vinsamlegast sendið í rafrænu eintaki eftirfarandi ef umbeðið efni er fyrir hendi á netfangið njordur@skjalasafn.is.
Merkið við þau fylgiskjöl sem send eru:

1. Einn málalykill frá afhendingarskyldum aðila sem héraðsskjalasafnið hefur samþykkt árið 2016. Ef enginn málalykill var samþykktur árið 2016 skal senda einn samþykktan málalykil frá öðru ári.
2. Ein skjalavistunaráætlun frá afhendingarskyldum aðila sem héraðsskjalasafnið hefur samþykkt árið 2016. Ef engin skjalavistunaráætlun var samþykkt árið 2016 skal senda eina skjalavistunaráætlun frá öðru ári.
3. Upplýsingar um skjalageymslu sem héraðsskjalasafnið hefur samþykkt árið 2016 þar sem fram koma upplýsingar um hita- og rakastig, stærð, gólfefni, frágang vatnsleiðslna o.s.frv. Ef engin skjalageymsla var samþykkt árið 2016 skal senda upplýsingar um samþykktu skjalageymslu frá öðru ári.
4. Tvær geymsluskrár fyrir fullfrágengin skjalasöfn á árunum 2015–2016. Ef engin skjalasöfn voru fullfrágengin á árunum 2015–2016 skal senda tvær geymsluskrár fyrir fullfrágengin skjalasöfn frá öðrum árum.
5. Ein skýrsla úr eftirlitsheimsókn árin 2014–2016. Ef ekki voru farnar eftirlitsheimsóknir á þessum árum þá skal senda skýrslu úr eftirlitsheimsókn frá öðrum árum.
6. Ein skýrsla úr rafrænni eftirlitskönnun 2014–2016. Ef ekki var gerð rafræn eftirlitskönnun á þessum árum skal senda skýrslu úr eftirlitskönnun frá öðrum árum.
7. Neyðaráætlun héraðsskjalasafns.
8. Samþykkt / stofnskrá héraðsskjalasafns.
9. Ársskýrsla héraðsskjalasafns 2016.



Til héraðsskjalavarda
Sent með tölvupósti

Reykjavík 14. mars 2017
Tilv. 1702006/7.5.0

Efni: Eftirlitskönnun með rekstri héraðsskjalasafna

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk lögum samkvæmt að vera framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar á Íslandi. Í því felst m.a. að hafa eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna sbr. 5. tl. 8. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í 12. gr. laganna er eftirlitið skilgreint nánar, þar segir:

„Þjóðskjalasafn Íslands hefur eftirlit með því að héraðsskjalasöfn starfi í samræmi við lög og skilyrði rekstrarleysis.

Rekstraraðilar héraðsskjalasafns skulu árlega skila Þjóðskjalasafni skýrslu um starfsemiina og láta því í té aðrar þær upplýsingar og skriflegar skýringar sem óskað er eftir og þörf er á vegna eftirlits með því að skilyrði rekstrarleysis séu uppfyllt. Lögbundin þagnarskylda stendur ekki í vegi slíkrar upplýsingagjafar.

Héraðsskjalasöfn skulu veita aðgang að starfsstöðvum sínum vegna eftirlits Þjóðskjalasafns Íslands. Skulu starfsmenn héraðsskjalasafna láta safninu í té nauðsynlega aðstoð af því tilefni ef óskað er.“

Í nóvember 2008 var gefin út skýrslan „Héraðsskjalasöfn í nútíð og framtíð – Úttekt Þjóðskjalasafns á starfsemi héraðsskjalasafna 2008“. Tilgangur úttektarinnar var að safna upplýsingum um starfsemi héraðsskjalasafnanna á þeim tíma til þess að meta stöðu þeirra í kjölfarið, sjá hvað væri í góðu horfi og hvar væri helst úrbóta þörf. Ljóst er að með lögum um opinber skjalasöfn sem sett voru árið 2014 hafa nýjar aðstæður skapast og kröfur til héraðsskjalasafna aukist. Við þessu þarf að bregðast með það að leiðarljósi að tryggja að skjalavarsla og skjalastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur og að héraðsskjalasöfnin séu í stakk búin til þess að leysa verkefni sín vel af hendi.

Á næstu dögum mun Þjóðskjalasafn Íslands senda héraðsskjalavörðum rafræna könnun með spurningum um ýmsa þætti í rekstri héraðsskjalasafna. Sú könnun er hugsuð sem endurskoðun og uppfærsla efnis úttektarinnar frá 2008. Niðurstöður könnunarinnar verða birtar opinberlega og m.a. sendar öllum héraðsskjalasöfnum og sveitarstjórnnum. Niðurstöðurnar notar Þjóðskjalasafn í eftirlitsskygni en vonandi nýtast þær jafnframt við að skipuleggja starfsemi héraðsskjalasafna á grundvelli nýju lagnanna og þeirrar reglugerðar sem verður sett um starfsemi safnanna. Þetta bréf er sent öllum héraðsskjalavörðum og er þess vinsamlegast ferid á leit að allir svari könnuninni. Könnunin verður send rafrænt til allra héraðsskjalavarda 20. mars og frestur til þess að svara veittur til 10. apríl næstkomandi.

Virðingarfyllt,

Eiríkur G. Guðmundsson
þjóðskjalavörður

Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Til : Njörður Sigurðsson
Frá : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>
Heiti : Könnun Þjóðskjalasafns á rekstri héraðsskjalasafna
Sent : 20/03/2017 12:52:52
Höfundur : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Til héraðsskjalavarða

Þjóðskjalasafn Íslands sendi bréf til héraðsskjalavarða 14. mars síðastliðinn er varðar könnun á rekstri héraðsskjalasafna. Farið er fram á að héraðsskjalaverðir svari könnuninni eigi síðar en 10. apríl næstkomandi.

Könnunin er sett fram í 12 liðum og eru mismargar spurningar undir hverjum lið. Hægt er að vista könnunina og koma að henni aftur. Könnunin er þannig uppbyggð að ekki er hægt að halda áfram nema skylduspurningum sé svarað.

Það er mikilvægt að þátttakendur visti könnunina ef þeir þurfa frá að hverfa. Annars er hætta á að svör glatist og svara þurfi spurningum á ný.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar veitir Njörður Sigurðsson í síma 590-3322 og í netfangi njordur@skjalasafn.is.

Smellið á tengilinn hér fyrir neðan til að taka þátt.

Með fyrirfram þökk fyrir þátttökuna.

Þjóðskjalasafn Íslands

Smelltu hér til að svara könnun:

<http://konnun.skjalasafn.is/index.php?r=survey/index&sid=474678&token=jekAavyT2tNoMOh&lang=is>

Njörður Sigurðsson

Til : Svanhildur Bogadóttir (svanhildur.bogadottir@reykjavik.is)
<svanhildur.bogadottir@reykjavik.is>; jona@isafjordur.is <jona@isafjordur.is>; Hrafn Sveinbjarnarson <hrafns@kopavogur.is>; Birna Mjöll Sigurðardóttir <birna@mos.is>; gerdur.johannsdottir@akranessofn.is <gerdur.johannsdottir@akranessofn.is>; erla.dis.sigurjonsdottir@akranessofn.is <erla.dis.sigurjonsdottir@akranessofn.is>; skjalasafn@safnahus.is <skjalasafn@safnahus.is>; safnamal@dalir.is <safnamal@dalir.is>; solveig@hunathing.is <solveig@hunathing.is>; skjalhun@blonduos.is <skjalhun@blonduos.is>; solborg@skagafjordur.is <solborg@skagafjordur.is>; hronn@fjallabyggd.is <hronn@fjallabyggd.is>; Björk Hólm Þorsteinsdóttir <bjork@dalvikurbyggd.is>; adalbjorg@akureyri.is <adalbjorg@akureyri.is>; Skjalasafn <skjalasafn@husmus.is>; bara@heraust.is <bara@heraust.is>; Guðmundur Sveinsson <gilhagi@simnet.is>; halldorajo@hornafjordur.is <halldorajo@hornafjordur.is>; skogasafn@skogasafn.is <skogasafn@skogasafn.is>; Jóna Björg Guðmundsdóttir <jonab@vestmannaeyjar.is>; Þorsteinn Tryggvi Másson <thorsteinn@heradsskjalasafn.is>

Frá : Njörður Sigurðsson
CC : Eiríkur G. Guðmundsson
Heiti : Framlengdur svarfrestur eftirlitskönnunar
Sent : 07.04.2017 21:34:27
Höfundur : Njörður Sigurðsson

Ágætu héraðsskjalaverðir

Óskað hefur verið eftir að frestur til að svara eftirlitskönnun með rekstri héraðsskjalasafna verði framlengdur. Hér með er svarfrestur framlengdur til og með 21. apríl næstkomandi.

Ég minni á að vista könnunina ef þið standið upp frá henni og hafið hana ekki of lengi opna í tölvunni án þess að vinna í henni því þá getið þið tapað upplýsingum.

Með kveðju og gangi ykkur vel,

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegur 162, 105 Reykjavík
Sími 590 3300 / 590 3322
njordur@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://skjalasafn.is/disclaimer>

Viðauki 3 – Listi yfir fjölda íbúa á bak við hvert héraðsskjalasafn 2016

Íbúafjöldi miðast við 1. desember 2016. Heimild Hagstofa Íslands.

	Íbúafjöldi
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	123.133
Reykjavík	123.133
Héraðsskjalasafn Akraness	7.034
Akraneskaupstaður	7.034
Héraðsskjalasafn Austfirðinga	10.306
Fljótshálsa	3.486
Seyðisfjarðarkaupstaður	653
Vopnafjarðarhreppur	645
Djúpavogshreppur	450
Breiðdalshreppur	183
Fljótshálsa	81
Borgarfjarðarhreppur	116
Fjarðabyggð	4.692
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavatnssýslu	1.864
Blönduóssbær	876
Sveitarfélagið Skagatrönd	479
Húnavatnshreppur	408
Skagabyggð	101
Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu	2.183
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.183
Héraðsskjalasafn Árnesinga	16.447
Sveitarfélagið Árborg	8.448
Hveragerðisbær	2.474
Sveitarfélagið Ölfus	2.014
Bláskógabyggð	1.030
Hrunamannahreppur	779
Flóahreppur	646
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	590
Grímsnes- og Grafningshreppur	466
Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar	4.367
Borgarbyggð	3.679
Hvalfjarðarsveit	635
Skorradalshreppur	53
Héraðsskjalasafn Dalasýslu	678
Dalabyggð	678

Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar	2.025
Fjallabyggð	2.025
Héraðsskjalasafn Kópavogs	35.234
Kópavogsbær	35.234
Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar	9.757
Mosfellsbær	9.757
Héraðsskjalasafnið Neskaupstað	(1.498)¹¹
Neskaupstaður	(1.498)
Héraðsskjalasafn Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga	4.597
Rangárþing eystra	1.762
Rangárþing ytra	1.544
Mýrdalshreppur	558
Skaftárhreppur	478
Ásahreppur	255
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	4.140
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.943
Akrahreppur	197
Héraðsskjalasafn Svarfdæla	1.818
Dalvíkurbyggð	1.818
Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja	4.290
Vestmannaeyjabær	4.290
Héraðsskjalasafn Vestur-Húnavatnssýslu	1.178
Húnaþing vestra	1.178
Héraðsskjalasafn Þingeyinga	5.335
Þingeyjarsveit	910
Norðurþing	3.000
Langanesbyggð	483
Svalbarðsstrandarhreppur	451
Skútustaðahreppur	432
Tjörneshreppur	59
Héraðsskjalasafnið á Akureyri	20.508
Svalbarðshreppur	94
Akureyrarbær	18.473
Eyjafjarðarsveit	1.015
Hörgársveit	572
Grýtubakkahreppur	354

¹¹ Héraðsskjalasafnið Neskaupstað varðveitir skjöl frá Neskaupstað og Norðfirði en Fjarðabyggð er aðili að Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

Héraðsskjalasafnið Ísafirði	4.712
Ísafjarðarbær	3.614
Bolungarvíkurkaupstaður	912
Súðavíkurhreppur	186
Sveitarfélög sem eru ekki aðilar að héraðsskjalasafni og eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands	78.473
Árneshreppur	46
Helgafellssveit	53
Kaldrananeshreppur	103
Eyja- og Miklaholtshreppur	124
Kjósarhreppur	221
Tálknafjarðarhreppur	236
Reykholahreppur	276
Strandabyggð	468
Grundarfjarðarbær	871
Vesturbyggð	1.034
Stykkishólmur	1.168
Sveitarfélagið Vogar	1.212
Sveitarfélagið Garður	1.500
Snæfellsbær	1.627
Sandgerði	1.700
Grindavíkurbær	3.219
Seltjarnarnes	4.439
Garðabær	15.196
Reykjanesbær	16302
Hafnarfjörður	28.678



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Desember 2018